

STF-tíðindi



Starfsfólk STF fundar um verkefni dagsins.
Ljós. Lárus Karl Helgason.

Þjónustumiðstöð stjórnenda

„Með þessari endurbættu aðstöðu og sambúð við fleiri félög má segja að til sé að verða þjónustumiðstöð hér í Hlíðasmáranum en hér getur stjórn sambandsins auðvitað fundað og til staðar er fullkominn fjarskipta- og fundabúnaður sem gerir okkur kleift að eiga betra samband við félögin úti um land allt. Þá erum

við í náðýli við Læknafélag Íslands sem er með glæsilegan fundasal hér á efstu hæðinni og þar getum við haldið stærri samkomur þegar á þarf að halda,“ segir Jóhann Baldursson, framkvæmdastjóri STF í samtali við STF tíðindi.

Sjá bls 8

Fjármálin við starfslok

Fjármál við starfslok eru flókin og oft miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi og því mikilvægt að leita sér ráðgjafar og aðstoðar þegar hillir undir lok þátttöku á vinnumarkaði. „Ein besta ákvörðunin sem við tökum í aðdraganda starfsloka er því að gefa okkur nægan tíma við undirbúninginn og vanda okkur eins og kostur er,“ segir Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri Greiningar Íslandsbanka.

Sjá bls 12



Sensa með lausnirnar

Sjá bls 32

Össur um allan heim

Sjá bls 36



FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA

Þjónustumiðstöð stjórnenda í Hlíðasmára



Jóhann
Baldursson,
framkvæmda-
stjóri STF
skrifar

Kæru félagar. Nú er breytingum á skrifstofu sambandsins hér í Hlíðasmáranum lokið. Tökust þær mjög vel og nýting á plássinu mikið betri því aðildarfélögin Brú, félag stjórnenda og Verkstjóra- og stjórnendafélag Hafnafjarðar eru með skrifstofu á hæðinni ásamt Rósant G. Aðalsteinssyni bókara og endurskoðanda. Við þetta tækifæri vil ég bjóða þau velkomin í Hlíðasmáran. Starfsandi er mjög góður svo og öll aðstaða fyrir starfsfólk og viðskiptavinum.

Snallsíminn leysir allt!

Rafræn samskipti eru alltaf að aukast og eru skilagreinar frá fyrirtækjum og einstaklingum sem berast okkur orðnar um 90% á rafrænu formi. Þetta á einnig við um umsóknir, styrki o.fl. í gegnum Mínar síður en þar hefur orðið aukning því fólki virðist finnast þægilegt að nota rafrænu leiðina. Má nefna sem dæmi þegar hjón setjast niður eftir vinnuvikuna og velta fyrir sér möguleikum á að fara í sumarbústað um næstu helgi. Þá er hægt að opna tölvuna/snjallsímann, fara inn á Mínar síður og sjá hvaða bústaðir eru lausir og ganga frá pöntun, greiða og fara að hlakka til.

Þetta er nútíminn og við litum á snjallsímann okkar sem sjálfsagðan hlut og erum með hann allan daginn. Samkvæmt tölum eiga 2,3 milljarðar jarðabúa snjallsíma, fólk snertir símann sinn að jafnaði 2.600 sinnum á sólarhring, hann er 50.000 sinnum hraðvirkari en fyrstu tölvurnar sem tóku tvö til þrjú herbergi í plássi. Í framtíðinni þarft þú aðeins að taka mynd af hlut, hvort sem það er hús, bíll eða annað, þá segir síminn þér hver hluturinn er og hvernig hann er samsettur og úr hverju hann er. Þetta er gervigreindin sem hellist yfir okkur hvort sem okkur líkar betur eða verr. Þetta á eftir að stjórna þér enn meira, segja þér hvað þú átt að gera í dag, hvar hlutirnir eru sem þú átt og eins ef þú átt bíl þá stjórna hann bílnum fyrir þig. Konan getur fylgst með karlinum hvað hann ekur hratt og stillt hámarkshraðann hjá honum svo hann komist ekki hraðar en t.d. á 40 km. Ef þú lendir í árekstri

Samband stjórnendafélaga

Þá tekur þú mynd af tjóninu, til verður skýrsla sem sendist til tryggingafélagsins, umfang tjónsins reiknast út, pantaðir verða varahlutir og tími á verkstæði; allt verður þetta sjálfvirk. Við þessa byltingu tapast í fyrstu mörg störf en fljótlega verða til önnur störf. Mikilvægt er að við mannfólkið förum að búa okkur undir þessi ósköp sem eru fram undan og hluti af því er að endurmennta sig því vélar og róbótar fara að vinna margt sem við gerum í dag og verður verk okkar í framtíðinni að stjórna tölvum og vélrænum búnaði og skrifa handrit fyrir róbótana og forrita þá, sjá um að þeir hafi efni og réttar skipanir til að vinna úr. Þetta er aðeins brot af þeim breytingum sem við eigum von á að hellist yfir okkur í framtíðinni.

100% fjarnám

Stjórnendanámið okkar gengur mjög vel og er alltaf stígandi í því. Aðrar námsstofnanir eru að feta þessa braut sem við vorum brautryðjendur í og kallað í dag raf-rænt nám en við kölluðum hundrað prósent fjarnám. Ég hvet alla félag okkar til að kynna sér vel þetta nám því það gefur ákveðið forskot og möguleika á betri launum og gerir okkur hæfari í starfi, auk þess sem það eykur sjálfstraust okkar á vinnustað. Nú, sem aldrei fyrr, á þessum erfiðu tímum, er nauðsynlegt að snúa bókum saman og koma fram sem ein heild út á við, það mun gera okkur sterk og trúverðug.

Annað hjá STF er í föstum skorðum, samstarf og samskipti aðildafélaga og STF að aukast sem er af hinu góða. Ég vil þakka starfsfólki skrifstofu STF fyrir frábært og óeigingjarnt starf sem þau vinna alla daga. ■

Óska ég ykkur öllum og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.



STF-tíðindi - 70. árgangur | Október 2020

ISSN 2547-7366

Útgefandi: Samband stjórnendafélaga

Ritstjóri: Skúli Sigurðsson (abm).

Umsjón, umbrot og auglýsingar: Ritform ehf.

Prentun: Litróf

Dreift til félagsmanna aðildarfélaga Sambands stjórnendafélaga og á fjölda vinnustaða um land allt.



REIKNUM MEÐ FRAMTÍÐINNI

SÉREIGNARSPARNAÐUR ER KJARABÓT

Séreignarsparnaður er viðbót við lögbundinn lífeyrissparnað og er þín eign. Þú ræður hvernig þú ráðstafar honum eftir að þú nærð 60 ára aldri. Séreignarsparnaður erfist að fullu.

Ef þú leggur fyrir 2-4% af launum í **séreignarsparnað** þá bætir launagreiðandi við 2% af launum til viðbótar, sem er í raun launahækkun sem þú fengir annars ekki.

Séreignarsparnað má einnig nýta skattfrjálst til húsnæðissparnaðar eða til greiðslu inn á húsnæðislán að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

KYNNTU ÞÉR MÁLIN Á
BIRTA.IS



39. Sambandsþingið í Reykjavík

Næsta sambandsþing Sambands stjórnendafélaga, hið 39. í röðinni, verður haldið Reykjavík næsta vor, nánar til tekið á Grand Hótel Reykjavík 8. maí 2021. Að þessu sinni mun þingið aðeins standa yfir í einn dag. Dagskrá þingsins er í mótun en þar verða haldin erindi um ýmis mál auk hefðbundinna aðalfundarstarfa.

Á þessu þingi mun núverandi forseti, Skúli Sigurðsson láta af störfum og verður því ný forysta kjörin. „Það er of snemmt að skýra frá umfjöllunarefni þessa þings í smáatriðum en stjórn sambandsins, þar sem sitja fulltrúar allra aðildarfélaganna, er að móta dagskrána þessar vikurnar. Hvað sjálfan mig varðar læt ég af störfum hjá sambandinu vegna aldurs og læt keflið í hendur þeim sem þingfulltrúar munu velja til forystu,“ segir Skúli í samtali. ■

Stjórnendanámið | Átt þú rétt á endurgreiðslu?

Starfsmenntasjóðir, fyrirtæki og stéttarfélög bjóða upp á námsstyrk til sinna félagsmanna. Sem dæmi má nefna að starfsmenntasjóður Sambands stjórnendafélaga endurgreiðir 80% af námskeiðsgjaldinu til einstaklinga á hverju ári eða allt að 450.000 kr. ef námið er kostnaðarsamt. Frekari upplýsingar er hægt að finna inn á síðu STF, stf.is

Ef þú átt rétt á endurgreiðslu frá stéttarfélaginu þínu eða starfsmenntunarstjóð sem þú tengist er einfaldast að fara inn á attin.is/umsokn/ og

sækja þar um en þar er að finna upplýsingar fyrir alla helstu sjóði sem veita styrki. Eins er algengt að fyrirtæki greiði það sem upp á vantar fyrir sína starfsmenn enda sjá fyrirtækin sér hag í því að efla sína stjórnendur og millistjórnendur.

Ef þú þarft aðstoð við að fylla út umsóknina eða vilt fá frekari upplýsingar er hægt að senda verkefnastjóra námsins tölvupóst, stefangudna@unak.is

Linde Material Handling

Linde



Handlyftivagnar
málaðir, galvaniseraðir og ryðfriir



Manitou skotbómulyftarar



John Deere dráttarvélar



Dulevo
Sópar og skúringarvélar



Rafgeymar
Sellur og hleðslutæki



Goupil rafmagnsbílar



Linde lyftarar



Íslyft ehf
STEINBOCK ÞJÓNUSTAN EHF
Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
Sími 564 1600 - islyft@islyft.is

Góðir stjórnendur eru gulli betri



Skúli
Sigurðsson,
forseti og
kynningar-
fulltrúi

Allir sem reka fyrirtæki vita að góðir millistjórnendur eru nauðsynlegir ef reksturinn á að ganga upp. Mannauðurinn skiptir öllu í nútíma rekstri og gríðarlega mikilvægt að nýta sem best allan kraftinn sem í starfsfólkinu býr en um leið tryggja að öllum líði vel í sínu starfi. Millistjórnendur hafa oft þetta verkefni með höndum og ef þeir eru vel menntaðir og þjálfaðir í stjórnun geta þeir reynst gulli betri.

Innan vébanda STF eru nú 11 aðildarfélög um land allt með tæplega 4.000 félagsmenn. Félögin eru misstór og starfa sjálfstætt, fjögur þeirra reka eigin skrifstofur en hin ekki. Þróunin síðustu ár hefur verið sú að skrifstofa STF hefur tekið yfir fleiri verkefni og þannig orðið þjónustumiðstöð fyrir félagsmenn út um allt land. Skrifstofa Sambands stjórnendafélaga er í Hlíðasmára 8 í Kópavogi og þar starfa nú fjórir starfsmenn en að auki eru tvö aðildarfélög með aðstöðu á sama stað.

Kynningarverkefni og heimsóknir

Eins og þið öll vitið hefur Covid-19 haft mikil áhrif á okkar kynningarverkefni frá því í mars s.l. og þarf ekki að fara mikið yfir það ástand sem við höfum upplifað fram til dagsins í dag. Til stóð að taka þátt í viðburðum eins og sýningunni Verk og vit í Laugardalshöll, Íslensku sjávarútvegssýningunni í Fífunni í Kópavogi og Mannauðsdegi í Hörpu svo eitthvað sé nefnt. En því miður hefur ekkert orðið af þessum kynningarverkefnum. Hvenær við getum farið aftur á stað með kynningar á STF, t.d. í fyrirtæki vitum við ekki á þessari stundu, en það er von okkar að fljótlega eftir áramót verði komið bólufni sem lækni Covid-19. Þá förum við á fullt í að heimsækja fyrirtæki um landið allt. Við höfum greinilega orðið þess vör að allt of margir stjórnendur, þeir sem áður nefndust verkstjórar, voru ekki með réttindamál sín í nógu góðu lagi og sjá að með þátttöku í okkar aðildarfélögum geti þeir bætt þar úr. Á undanförunum árum höfum við heimsótt hundruð fyrirtækja um allt land og árangurinn hefur verið sá að félagsmönnum hjá okkur hefur fjölgað ár frá ári.

Konur sérstaklega velkomnar

Við þurfum að ná til fleiri, ekki síst kvenna því öðru vísi nær sambandið ekki að endurspegla veruleikann á vinnumarkaðnum. Konum í stjórnendastörfum hefur sem betur fer fjölgað gríðarlega og við bjóðum þær allar velkomnar til liðs við okkar aðildarfélög. Samband stjórnendafélaga, í samvinnu við Zenter, hefur verið að

tala við konur í atvinnurekstri með það að markmiði að fá þær til að líta til okkar aðildarfélaga.

Öflugasti sjúkrasjóðurinn

Sjúkrasjóður verkstjóra var stofnaður 1974 og hefur hann mjög mikilvægu hlutverki að gegna fyrir félagsmenn í aðildarfélögum Sambands stjórnendafélaga. Við getum fullyrt að sjúkrasjóðurinn okkar er einn sá albesti á landinu. Hann veitir mjög góð réttindi til launa og annarrar aðstoðar í slysa- og veikindatilfellum auk þess sem hann léttir undir með fjölskyldum félagsmanna þegar andlát ber að höndum. Þá á sjóðurinn og rekur sjúkraibúð í Kópavogi fyrir þá félagsmenn utan af landi sem þurfa að leita sér lækninga á höfuðborgarsvæðinu.

Kjaraamningar undirritaðir

Þann 18. júní 2019 var skrifað undir kjarasamning við Samtök atvinnulífsins og gildir hann til 1. nóvember 2022. Rétt er að minna á að í kjarasamningnum er kveðið á um vinnutímastyttingu sem þið eruð hvött til að kynna ykkur, meðal annars á heimasíðu STF. Kjarasamningaviðræður við sveitafélögin, fjármálaráðuneytið, Faxaflóahafnir og Reykjavíkurborg er lokið. Allar upplýsingar um afgreidda kjarasamninga er að finna á heimasíðu STF.

Stigið til hliðar

Sá sem þetta ritar, forseti og kynningarfulltrúi Sambands stjórnendafélaga, mun stíga til hliðar vegna aldurs í maí 2021. Stjórn sambandsins ákvað að gefa mönnum tækifæri á að bjóða sig fram til starfa sem kynningarfulltrúi STF. Tveir einstaklingar gáfu kost á sér. Fyrirtækið AP Media var fengið til að hafa rafræna kosningu á meðal aðalstjórnarmanna STF. Kosningin gekk vel og var annar aðilinn valinn með góðum meirihluta. Stefnt er að því að nýr kynningarfulltrúi komi til starfa í byrjun apríl 2021.

Næsta sambandsþing

Hafinn er undirbúningur að næsta sambandsþingi nr. 39 og er stefnt að því að halda það 8. maí 2021 á Grand hótél Reykjavíkur. Þinghaldið verður líklega einn dagur og er það breyting frá fyrri þingum. Lögum STF var breytt þannig að nú eiga öll aðildarfélög mann í stjórn. Þannig er hægt að afgreiða mun fleiri mál á stjórnarfundi en áður var hægt og þess vegna er nú tækifæri á að stytta þingið í einn dag. Kemur það í ljós eftir þinghaldið hvort þetta form verður fest í sessi eða hvort þingfulltrúar vilja fara aftur í gamla farið með þeim kostnaði sem því fylgir. ■

Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?



Í tæknivæddu samfélagi nútímans er erfitt að hugsa sér daglegt líf án rafmagns, svo samofið er það öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. RARIK rekur umfangsmesta rafdreifikerfi á Íslandi sem nær til 90% af sveitum landsins og til 44 þéttbýliskjarna. Lengd dreifikerfisins er yfir 9.000 km og þar af eru 65% jarðstrengir.

www.rarik.is

 **RARIK**



Erna Hilmarsdóttir og Jóhanna Margrét Guðjónsdóttir á skrifstofu STF í Hlíðasmáranum. „Um leið og við lýsum ánægju með frábæra starfsaðstöðu erum við kát og glöð með það að geta betur tekið á móti félagsmönnum sem alltaf eru velkomnir hingað í Hlíðasmáran í kaffisopa og spjall.“

Frábært húsnæði og góður starfsandi

Hér hefur sambandið komið upp fyrsta flokks skrifstofuaðstöðu og er því mun betur í stakk búið að þjónusta félagsmenn um land allt. Hvað okkur varðar sem hér vinnum er þetta heilmikil breyting frá því sem áður var. Sérstaklega vil ég nefna skrifstofurnar okkar sem nú eru afmarkaðar með glerveggjum þannig að vinnuaðstaðan er mun betri og auðveldara að afgreiða persónuleg mál manna í rói og næði. Þá er ekki síður mikilvægt fyrir okkur sem störfum hér að loftræsting er til fyrirmyndar og húsnæðið afar bjart og vel hannað. Við erum hæst ánægð.“

Tæknin bjargar mörgu

Þetta segir Erna Hilmarsdóttir skrifstofustjóri Sambands stjórndafélaga en við hittum hana að máli ásamt Jóhönnu Margréti Guðjónsdóttur, starfsmanni á skrifstofu STF í Hlíðasmáranum. Þær Erna og Jóhanna Margrét segja að alltaf sé nóg að gera á skrifstofunni en meira sé

um fyrirspurnir í gegnum síma og annan búnað en áður var, m.a. vegna Covid 19 sem setur mark sitt á starfsemi eins og annars staðar í samfélaginu.

„Þetta hefur allt saman gengið eins og sögu og ég held að faraldurinn hafi m.a. þau langtímaáhrif að fólk muni vinna meira í gegnum fjarfundarbúnað framvegis. Hér erum við mjög vel tækjum búin sem gera okkur kleift að eiga gott samband við félagsmenn aðildarfélaganna, hvar sem þeir eru staddir á landinu. Við unnum að hluta til heima í vor þegar Covid-19 skall á en síðan fluttum við hingað í endurnýjuð og aflokuð rými og gátum haldið uppi fullri þjónustu með hjálp tækninnar,“ segir Jóhanna Margrét.


Góður starfsandi hjá STF

Þær Erna og Jóhanna Margrét hafa orð á því að það ríki góður starfsandi á skrifstofum STF. „Það er svo sem ekk-

ert nýtt að hér sé gott að vera en hins vegar hefur andinn batnað enn frekar með tilkomu fleiri starfsmanna. Við erum fjögur hér á skrifstofu sambandsins og síðan njótum við samvistanna við starfsfólk hjá Brú, félagi stjórnenda og Verkstjóra- og stjórnendafélagi Hafnarfjarðar en þessi tvö ágætu aðildarfélög deila húsnæði með okkur hér á hæðinni. Það er frábært að vera í stærri hópi sem vinnur að mestu leyti að sömu markmiðum. Þá er auðveldara að bera saman bækur og skiptast á skoðunum um málefni sem brenna á okkar félagsfólki," segir Erna enn fremur.

Samræmd þjónusta

Hjá STF er haldið utan um félagaskrár og um leið innheimtu á iðgjöldum fyrir öll 11 aðildarfélög sambandsins. „Þetta er mjög mikilvægur þáttur í okkar starfi og í raun grunnur að þeim réttindum og skyldum sem félagsmenn hafa á hverjum tíma. Á hverju ári þurfa að liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um hve margir eru í hverju félagi og einnig að halda skrá um breyttar aðstæður frá mánuði til mánaðar til að tryggja réttar bætur og annað sem fólk er að sækja sér," segir Jóhanna Margrét. Hún bætir við að skilagreinar frá fyrirtækjum berist jafnt og þétt allt árið en þó séu álagstoppar, einkum um mánaðarmót og einnig þegar umsóknir berast um styrki úr menntunarsjóði til þess að komast á námskeið eða í endurmenntun á haustin og í ársbyrjun. Einnig er öllu jafna meiri aðsókn í sjúkrasjóðinn yfir vetrartímann en sumarið. Hún segir að um 80% allra skilagreina séu skráðar rafrænt og að vonandi hækki það hlutfall enn frekar.



Jóhanna Margrét segir að um 80% allra skilagreina séu skráðar rafrænt og að vonandi hækki það hlutfall enn frekar.

Mínar síður á vefnum

„Um leið og við lýsum ánægju með frábæra starfsaðstöðu erum við kát og glöð með það að geta betur tekið á móti félagsmönnum sem alltaf eru velkomnir hingað í Hlíðasmárann í kaffisopa og spjall. Ég vil um leið minna félagsmenn á að nýta sér Mínar síður á vef sambandsins en þar geta menn séð ýmsar persónulegar upplýsingar um sína stöðu, sent inn fyrirspurnir og sótt sér fróðleik um öll þau frábæru réttindi sem fylgja því að vera með aðild að stjórnendafélagi," segir Erna Hilmarsdóttir skrifstofustjóri að síðustu. ■



Góð aðstaða er í Hlíðasmára til að taka á móti gestum.

Það borgar sig að vera í Brú!

Rætt við Eygló Guðmundsdóttur, skrifstofustjóra Brúar

Mér lýst alveg ljómandi vel á þessa aðstöðu hér í Hlíðasmáranum og við litum á þennan flutning hingað sem gott tækifæri til að efla samstarfið við sambandið. Aðstaðan hér er mjög góð til daglegra starfa en þegar Brú efnir til stærri félagsfunda höfum við aðgang að glæsilegum fundarsal hér á efstu hæðinni. Þá spillir ekki fyrir að hér er margvíslegt samneyti við þá sem deila hæðinni með okkur og starfsmenn sambandsins þekki ég af góðu einu. Hér er gott að vera,“ segir Eygló Guðmundsdóttir skrifstofustjóri en hún hefur verið þar starfsmaður í 23 ár.

Verkstjórafélag Reykjavíkur var stofnað árið 1919 af 22 verkstjórum en félagið hefur löngum verið burðarásinn í starfsemi verkstjóra á landsvísi. Nafninu var breytt í Brú, félag stjórnenda árið 2011. Félagsmenn eru nú 937 talsins. Saga Brúar, félags stjórnenda og Sambands stjórnendafélaga er samtvinnuð því fyrstu áratugina eftir stofnun sambandsins deildu þau húsnæði.

Skipholtið í sölu

„Brú var með mjög gott húsnæði í Skipholti 50D en að mörgu leyti var það óhentugt og í raun allt of stórt fyrir þessa daglegu starfsemi. Störfin á skrifstofunni hafa auðvitað breyst með aukinni tæknivæðingu og mun minna



Nóg að gera. Þegar við stöldrum við hjá Eygló hringir síminn nokkrum sinnum og taksverður erill á skrifstofunni.

um að félagsmenn komi hingað en áður var. Æ fleiri afgreiða sín mál í gegnum tölvupóst og síma. Á hinn bóginn dugði húsnæðið ekki til stærri funda enda hefur félagsmönnum fjölgað mjög í okkar félagi á síðustu árum. Þess vegna ákvað stjórn félagsins að taka þetta skref sem ég tel af hinu góða. Hér eigum við rúmgott og bjart skrifstofuherbergi þar sem daglegur rekstur fer fram og m.a. stjórn getur fundað og svo höfum við aðgang að allri sameiginlegri aðstöðu á hæðinni. Húsnæðið í Skipholtinu er í tímabundinni leigu núna en jafnframt verið auglýst til sölu.“

Alltaf nóg að gera

Pegar við stöldrum við hjá Eygló hringir síminn nokkrum sinnum og talsverður erill á skrifstofunni. „Já, hér er oft talsvert að gera í skráningum og bókhaldi og almennum rekstri. Við veitum einnig upplýsingar um Sjúkrasjóð STF en margir sækja þangað eins og þeir eiga rétt á. Þá höldum við utan um alla skráningu og lyklaskipti vegna útleigu orlofshúsanna en félagið á fjóra orlofsbústaði; tvo við Skorradalavatn, einn í Grímsnesi og þann fjórða í Hlíðarfjalli fyrir ofan Akureyri.“

Bústaðir Brúar eru hinir glæsilegustu. Tveir eru í Skorradal, Einisfold 1, sem byggt var árið 2003 og er um 80 fermetrar að stærð og Einisfold 2 sem byggt var 10 árum síðar og er einnig um 80 fermetrar að stærð. Þá á félagið

hús við Áshvamm 8 í landi Ásgarðs í Grímsnes- og Grafningshreppi en það var byggt 2008. Loks á Brú bústaðinn Hrafnaland 1 við rætur Hlíðarfjalls við Akureyri, sem er 108,6 fermetrar að stærð.


Félagsaðild skipti miklu máli

Við víkjum að mikilvægi aðildar að stjórnendafélagi og Eygló segist af langri reynslu geta fullýrt að það skipti öllu máli þegar kemur að réttindamálum og ýmissri aðstöðu.

„Ég vil sérstaklega nefna að félagsmenn okkar njóta margvíslegra réttinda umfram það sem almennt gerist í stéttarfélögum og ég þykist vita að allir geri sér ekki fulla grein fyrir þessu. T.d. njóta félagsmenn aðstoðar úr sjúkrasjóðnum þótt þeir séu hættir að vinna. Félagsmenn sem hætta að greiða í félagið sökum aldurs eða örorku eru samt sem áður gildir félagsmenn (ævifélagar) og einnig eru dánarbætur hærri en viðast hvar annars staðar. Það má líka nefna iðröttastyrki og ferðastyrki en okkar félagsmenn geta sótt um 30.000 króna ferðastyrk 1x á 3ja ára fresti gegn framvísun kvittana um kaup á einhverju ferðaúræði. Þetta er gert til að mæta þörfum þeirra sem ekki vilja nýta sér niðurgreidda dvöl í sumarbústöðunum og geta þá fengið styrk til annars konar ferðalaga eða dvalar í sumarleyfinu. Já, það borgar sig sannarlega að vera í Brú,“ segir Eygló létt í bragði. ■

Ég lifði af

Skjót fyrstahjálp, hjartahnoð og hjartastuðtæki björguðu lífi mínu.



Ný vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

Donna

Sími 555 3100 www.donna.is

Björn Berg Gunnarsson skrifar

Undirbúningur sta

Það er aldrei of seint að kynna sér lífeyrismálin en tímasetningin kemur til með að ráða heilmiklu um þá möguleika sem okkur bjóðast. Ef taka lífeyris er þegar hafin er gott að þekkja þær reglur sem gilda um hina ýmsu anga lífeyriskerfisins, svo sem ef innleysa á fjármagnstekjur, selja sumarbústaðinn eða þiggja hlutastarf. Enn betra er þó að undirbúa lífeyristökuna nokkrum árum fyrir starfslok. Þá má freista þess að haga lífeyristökunni með þeim hætti að hámarka megi tekjur með tilliti til skattgreiðslna og hvenær okkur hentar að nálgast sparnað og lífeyri. Yngra fólk getur loks aukið sparnað með það að markmiði að fjölga valkostum við starfslok eða auka tekjur. Með reglulegum sparnaði og samviskusamlegum greiðslum í séreign má auka líkur á að mögulegt verði að lækka starfshlutfall á einhverjum tímamarki, hætta á vinnumarkaði fyrr en ella eða hafa hreinlega meira á milli handanna á eftirlaunaaldri.

Hér skulum við þó einkum beina sjónum okkar að því sem gott er að hafa í huga í aðdraganda starfsloka.

Hvar skal byrja?

Undirbúningur starfsloka er tímafrekur, flókinn og skemmtanagildið er takmarkað. Það borgar sig þó að bíta á jaxlinn og gefa sér ríflegan tíma því tímakaupið getur verið afar gott þegar upp er staðið. Íslenska lífeyriskerfið hefur sannarlega sína kosti og galla sem birtast sem dæmi í þeim mikla sveigjanleika sem í boði er við töku lífeyris. Við getum sótt um greiðslur frá Tryggingastofnun á milli 65 og 80 ára aldurs og það er ekki ólíklegt að svipað sé í boði hjá lífeyrissjóðnum okkar auk þess sem séreign er almennt laus til úttektar eftir sextugt. Loks er heimilt að sækja hálfan lífeyri hjá lífeyrissjóðum og TR. Þennan mikla sveigjanleika eigum við að geta nýtt okkur til að koma betur út fjárhagslega en ella, en til að slíkt sé mögulegt þurfum við að kynna okkur kerfin nokkuð vel og það er nú vandamálið. Fæstir hafa nokk-

urn minnsta áhuga á lífeyrismálum og fáir kynna sér málin það vel að mögulegt sé að nýta þá kosti sem í boði eru.

Vörum okkur á kaffistofunni

Þegar ákvarðanir um töku lífeyris eru teknar er lykilatriði að þær séu upplýstar og byggja á nógildandi fyrirkomulagi og reglum. Þá dugar ekki að afla sér fróðleiks á kaffistofunni eða í umræðuþáttum í útvarpi, ekki sist þar sem lagaumhverfið breytist ótt og títt og úreldar upplýsingar geta lifað lengi í umræðunni. Sökum fljótfærni og dreifingu úreldra upplýsinga eru kostnaðarsöm mistök því miður allt of algeng í tengslum við fjármál við starfslok. Betra er að læra af mistökum annarra og verja eilitlum tíma í að afla réttra upplýsinga en að brenna sig sjálfur.

Séreignarsparnaðurinn

Eitt dæmi um rangfærslur sem því miður er of oft haldið að fólk er að mikilvægt sé að séreignarsparnaður sé tekinn út áður en hætt er að vinna og sótt um hjá TR. Þannig voru reglurnar vissulega fyrir á annan áratug síðan en í dag skerðir séreign ekki ellilífeyri stofnunarinnar með nokkrum hætti. Raunar er ávöxtun séreignarsparnaðar undanskilin þegar skerða á greiðslur. Sé séreign tekin út í flýti, ofan á launatekjur eru líkur á að óþarfa hátekjuskattur sé greiddur af úttektinni og skerðingar aukist, þar sem sparið er ekki lengur innan séreignarkerfisins. Þetta getur valdið auknum skattgreiðslum og skerðingum þegar ætlunin var að spara. Skerðingar TR gefa því ekki tilefni til að haga úttekt séreignar með tilteknum hætti, en hvenær og hvernig er þá best að nálgast sparnaðinn?

Séreign er að flestu leyti frábrugðin réttindum í lífeyrissjóði og er í raun líkust hefðbundnum sparnaði á reikningi eða í sjóði. Inneignin erfist að fullu, hjá ís-

„Fjármál við starfslok eru flókin og það er erfitt að ryðjast í gegnum þann frumskóg einn og óstuddur. Miklir fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi og það kostar ekkert nema tíma að leita sér ráðgjafar og aðstoðar.“

rfsloka

A portrait of Björn Berg Gunnarsson, a man with light brown hair and a beard, wearing a blue suit, white shirt, and dark tie. He is smiling and looking directly at the camera. The background is blurred, showing what appears to be an office or library setting with bookshelves.

Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri Greiningar Íslands-banka. „Eitt dæmi um rangfærslur sem því miður er of oft haldið að fólki er að mikilvægt sé að séreignarsparnaður sé tekinn út áður en hætt er að vinna og sótt um hjá TR.“

lenskum umsjónaraðilum er fjöldi kosta í boði hvað ávöxtun varðar og úttekt er hagað með þeim hætti sem óskað er eftir. Því er hægt að nýta séreign sem varasjóð sem sótt er í eftir þörfum, millifæra fasta upphæð í hverjum mánuði eða taka út eins fljótt og kostur er, að teknu tilliti til skattgreiðslna. Það er því persónubundið hvað hentar best.

Lífeyrissjóðurinn

Til allrar hamingju er nú miðlægt yfirlit yfir nær öll íslensk lífeyrisréttindi að finna í Lífeyrisgáttinni sem

nálgast má á vefsíðum lífeyrissjóðanna. Þar hefjum við undirbúning okkar hvað samtryggingarréttindi varðar. Í kjölfarið er gott að hafa samband við viðkomandi lífeyrissjóði og fá skriflegar upplýsingar um makalífeyri og áhrif þess að flýta eða seinka umsókn, svo dæmi séu tekin. Sé taka lífeyris hafin er ekki aftur snúið og því borgar sig að vanda vel til verka.

Lífeyrissjóðir gefa yfirleitt upp tiltekinn viðmiðunaraldur lífeyristöku, til dæmis 67 ára. Sjóðfélaginn sjálfur velur þó hentuga dagsetningu og geta ýmsar ástæður verið

fyrir því að flýta eða seinka töku lífeyris. Sumir kjósa að seinka töku til að draga úr skattgreiðslum og aðrir flýta henni til að hafa betra aðgengi að lausafé, greiða niður skuldir, fjárfesta eða sinna áhugamálum. Ekkert eitt er rétt hvað þetta varðar þar sem aðstæður okkar eru ólíkar.

Tryggingastofnun

Mikið er rætt um hvernig Tryggingastofnun ætti að vera en allt of lítið um hvernig hún raunverulega er. Um 90% Íslendinga 67 ára og eldri fá mánaðalegar greiðslur úr kerfinu og þurfa að kunna að fóta sig innan þess.

Í stuttu máli má segja að stofnuninni sé ætlað að jafna tekjur fólks á lífeyrisaldri. Þetta gerir hún með greiðslu svokallaðs ellilífeyris auk heimilisuppbótar fyrir þá sem búa einir en tekjutengdum skerðingum er svo beitt til að vísa meira fjármagni til þeirra tekjulægri. Þó svo kerfið hafi verið einfaldað til muna um árið er það enn nokkuð flókið og tekur mjög örum breytingum. Gott er að nýta reiknivél stofnunarinnar til að áætla greiðslur að gefnum ákveðnum forsendum og kynna sér málin vel og vandlega áður en sótt er um, en það er eins og fyrr segir, hægt að gera á aldursbilinu 65-80 ára.

Fjöldi spurninga vaknar þegar TR berst í tal og er ekki úr vegi að líta á nokkrar þeirra:

Skerðir TR ekki krónu á móti krónu?

Nei, sem betur fer er engin slík skerðing á greiðslum ellilífeyris stofnunarinnar. Skerðingar eru nær því að vera tæpar 30 krónur á móti hverjum 100, þegar tekið er tillit til skatta. Það er því ekki svo, eins og oft er haldið fram, að hagkvæmara sé að fela peninga fyrir TR því vextirnir séu hvort eð er teknir. Auk þess skal tekið fram að stofnunin skerðir ekki vegna eigna, einungis tekna.

Hvað gerist ef ég sel sumarbústaðinn?

Hagnaður af sölu fristundarhúsnæðis skerðir greiðslur með sama hætti og aðrar tekjur. Því verða margir fyrir umtalsverðum skerðingum við sölu sumarbústaða og gæti verið lag að ráðfæra sig við endurskoðanda áður en lagt er í svo stóra sölu. Sala íbúðarhúsnæðis, sem verið hefur lögheimili okkar í tvö ár hið minnsta, hefur þó engin áhrif.

Hvernig kemst ég hjá því að fá stóra endurkröfu frá stofnuninni?

Þekktar eru sögurnar af tekjulágu fólki sem fær stóran reikning frá TR og slík tilvik eru því miður nokkuð mörg. Álíka margir fá raunar endurgreiðslu og kröfu ár hvert og á slíkt rætur að rekja til skerðinga. Þar sem greiðslur TR eru tekjutengdar þarf viðtakandi greiðslunnar að upplýsa um framtíðartekjur sínar og slíkt gerir hann með því að fylla út tekjuáætlun í upphafi hvers árs. Algengt er þó að slíkri áætlun sé ekki skilað og þá getur misræmi orðið á milli rauntekna og þess sem miðað er við þegar greitt



Sumir kjósa að seinka töku lífeyris til að draga úr skattgreiðslum og aðrir flýta henni til að hafa betra aðgengi að lausafé, greiða niður skuldir, fjárfesta eða sinna áhugamálum.

er. Með því að skila áætlun í upphafi hvers árs og leiðrétta hana þegar aðstæður breytast má draga úr líkum á endurgreiðslukröfu.

Má vinna samhliða greiðslum frá TR?

Já, það má vinna og hafa launin engin áhrif upp að frítekjumarki. Miðað er við 100.000 krónur að hámarki á mánuði eða 1.200.000 krónur á ári. Launatekjur umfram frítekjumark skerða greiðslur TR með sama hætti og aðrar tekjur.

Hvað ef eitthvað kemur upp á?

Þar sem lífeyrisréttindi eru einstaklingsbundin ætti sambúðarfolk að líta vandlega á réttindi hvors um sig ef annað fellur frá eða dvelur á hjúkrunarheimili. Réttindi geta verið mjög misjöfn og þá er gott að kynna sér þær leiðir sem færar eru til að auka öryggi og bæta fjárhagsstöðu þess verr settari. Það má gera með einföldu umboði svo gangi megi á sparnað eða jafnvel með skiptingu lífeyrisréttinda. Slík skipting getur hvort sem er verið á mánaðalegum útgreiðslum lífeyrissjóða, sem að allt að hálfu má greiða inn á reikning maka eða framsal hluta uppsafnaðra réttinda. Lífeyrissjóðirnir veita ráðgjöf og aðstoð við skiptingu réttinda en gott er að kynna sér slíkt snemma.

Fjármál við starfslok eru flókin og það er erfitt að ryðjast í gegnum þann frumskóg einn og óstuddur. Miklir fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi og það kostar ekkert nema tíma að leita sér ráðgjafar og aðstoðar. Ein besta ákvörðunin sem við tökum í aðdraganda starfsloka er því að gefa okkur nægan tíma við undirbúninginn og vanda okkur eins og kostur er. Það dregur úr líkum á mistökum, losar um óþægindahnúttinn í maganum og fjölgar vonandi krónum í vasann. ■

Björn Berg Gunnarsson er deildarstjóri Greiningar Íslandsbanka.



Magnús I. Guðjónsson Öfjörð, verkstjóri vatns- og hitaveitu hjá Selfossveitum, segir starfið mjög fjölbreytt.

Magnús I. Guðjónsson Öfjörð, verkstjóri hjá Selfossveitum

„Veit aldrei hvað bíður mín þegar ég kem til vinnu“

Magnús I. Guðjónsson Öfjörð, verkstjóri vatns- og hitaveitu hjá Selfossveitum á Selfossi, hefur starfað hjá Selfossveitum síðan árið 2008. Hann tók svo við starfi verkstjóra árið 2015 og stýrir nú alls 15 manns. „Ég reyni að halda þessu gangandi með því að deila verkefnum, fer á fundi og svara fyrirspurnum notenda – í raun allt sem tengist rekstri hitaveitu.“

Mikið að gerast í atvinnulífinu á Selfossi

Selfossveitur sinna hita- og vatnsveitum í Sveitarfélaginu Árborg. Auk þess er vatnsveita í Flóahreppi, dælustöðvar á Laugardælum og Ósabökkum og vatnsveita undir Ingólfsfjalli. Þar fyrir utan eru verkefnið mörg. „Það er nóg að gera hjá okkur núna. Borgarverk er að svera heitavatnslögn frá nýrri dælustöð við Austurveg á Selfossi. Hún er núna komin í gang að hluta og getur dælt 600 l/s. ef það er til nóg vatn á meðan að gamla stöðin gat dælt 240 l/s. Við vorum alveg að springa hérna síðasta vetur og þurftum m.a. að loka sundlaugunum þegar það var kalt,“ segir Magnús.

Hann segist finna fyrir því í sínu starfi að mikil spennan sé í atvinnulífinu á Selfossi. „Það er verið að byggja ný hverfi hérna á Selfossi, meira að segja byrjað að byggja þar þrátt fyrir að ekki sé búið að malbika. Einnig hafa framkvæmdir við hringtorg með undirgöngum verið í fullum gangi og er verið að leggja lokahönd á það. Það er nóg af verkefnum hérna í bænum.“

Fleiri verkefni leyst í gegnum símann

Mikil þróun hefur verið á sviði hita- og vatnsveitu á liðnum árum og hefur tæknivæðing hjá Selfossveitum verið mikil. „Við höfum verið að snjallvæða mæla í heimahúsum sem lesa orku sem er notuð en mæla ekki bara magnið. Við erum komin með fjartengingu í dælustöðvunum og getum fylgst með stöðunni og lagfært ýmislegt í gegnum spjaldtölvur. Áður þurfti alltaf að keyra í dælustöðvarnar til þess að laga bilanir og skipti þá engu hvernig veður og aðstæður voru,“ segir Magnús.

Vegna ástandsins í samfélaginu hefur starfsfólki Selfossveitna í starfstöðinni við Austurveg á Selfossi verið skipt upp í þrennt. „Við megum heldur ekki fara inn í heimahús núna nema að það sé brýn nauðsyn og það sé búið að spyrja húseigendur spjörunum úr. Við reynum að greina vandamálin í gegnum síma og jafnvel að laga hlutina líka í gegnum síma,“ segir Magnús sem hefur verið að takast á við að missa starfsfólk í sóttkví.

Sem fyrr segir er starfið mjög viðfeðmt og þurfa Magnús og starfsmenn hans að vera við öllu búinir. „Við erum með vaktir allan sólarhringinn. Það getur ýmislegt gerst. Fólk fer kannski að laga planið eða eitthvað álíka þegar kemur vorhugur í það og grefur þá óvart í sundur rör. Þá erum við með fólk á vakt til að sinna slíkum útköllum,“ segir Magnús. „Þetta er mjög fjölbreytt starf og ég veit aldrei hvað bíður mín þegar ég kem til vinnu.“ ■

„Sannkölluð þjónustumiðstöð stjórnenda“

segir Jóhann Baldursson, framkvæmdastjóri STF um ný húsakynni sambandsins

Allir sem hingað koma eru mjög ánægðir með þessa aðstöðu en með hjálp frábærra hönnuða held ég að okkur hafi tekist vel að koma starfsemiinni hér afar vel fyrir í endurbættu og glæsilegu húsnæði,“ segir Jóhann Baldursson, framkvæmdastjóri STF í stuttu spjalli.

Á vordögum lauk endurbótum á um 400 m² húsnæði Sambands stjórnendafélaga í Hlíðasmára 8 í Kópavogi en allur eignarhluti á hæðinni þar var endurskipulagður utan um starfsemi sambandsins og að auki tveggja aðildarfélaga. Þessi aðgerð var samþykkt í stjórn sambandsins á síðasta ári og ráðist í framkvæmdir laust fyrir síðustu áramót.

„Við fengum hönnuði hjá Arkþing til að teikna þetta upp og að loknu útboði völdum við verktakafyrirtækið Þingvang til að annast framkvæmdir og leystu þeir verkefnið frábærlega af hendi. Á meðan á framkvæmdum stóð komum við okkur fyrir í leiguhúsnæði í nyrðri enda hússins en fluttum svo aftur í okkar húshluta við sérkennilegar Covid-19 aðstæður í apríl í vor. Veiran setti auðvitað sitt mark á starfseminna framan af en við náðum

að koma öllu heim og saman með því að vinna að hluta til heima uns við gátum komið okkur endanlega fyrir hér endurnýjuðum húsakynnum,“ segir Jóhann.

Eins og áður sagði eru tvö aðildarfélög í sambúð með STF í Hlíðasmára en það eru Brú, félag stjórnenda og Verkstjóra- og stjórnendafélag Hafnarfjarðar. Þá er Rósant Aðalsteinsson bókari og verðbréfamiðlari þar einnig til húsa en hann vinnur mikið fyrir STF og ýmis aðildarfélög þess. Húsnæðið er hið vandaðasta; gott loftræstikerfi, bjartar skrifstofur, sem eru afmarkaðar með glerveggjum, rúmgóð fundaaðstaða, notaleg kaffistofa og vönduð húsgögn fyrir starfsmenn.

„Með þessari endurbættu aðstöðu og sambúð við fleiri félög má segja að til sé að verða þjónustumiðstöð hér í Hlíðasmáranum en hér getur stjórn sambandsins auðvitað fundað og til staðar er fullkominn fjarskipta- og fundabúnaður sem gerir okkur kleift að eiga betra samband við félögin úti um land allt. Þá erum við í nábýli við Læknafélag Íslands sem er með glæsilegan fundasal hér á efstu hæðinni og þar getum við haldið stærri samkomur þegar á þarf að halda.“ ■



Svipmyndir úr glæsilegri skrifstofu STF.





Steindór Gunnarsson, formaður Verkstjóra- og stjórnendafélags Hafnarfjarðar. „Mér var sagt ungum að best væri að halda sig við verkstjórafélögin og það hef ég gert samviskusamlega og ekki séð eftir því.“

Steindór Gunnarsson, formaður Verkstjóra- og stjórnendafélags Hafnarfjarðar, hefur lengi verið viðloðandi verkstjórastarfið en hann varð verkstjóri hjá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar aðeins 14 ára gamall. Hann gekk strax í Verkstjórafélag Hafnarfjarðar en fór ekki að láta sig félagsmálin varða fyrr en árið 1993 þegar hann var kjörinn í stjórn félagsins. Formaður hefur hann verið frá árinu 1999. Jafnframt störfum fyrir félagið sitt hefur hann verið virkur á vettvangi sambandsins og var þar í stjórn í 18 ár, þar af um áratug sem varaforseti. Og Steindór hefur verið félagsmaður víðar en í Verkstjórafélagi Hafnarfjarðar.

Félögin mikilvægt bakland

„Já, ég hef búið á nokkrum stöðum á landinu í gegnum tíðina og hef fært mig á milli félaga eftir því sem starfsvettvangurinn hefur breyst. Eftir að hafa verið í Verkstjórafélagi Hafnarfjarðar flutti ég til Bildudals, þaðan til Neskaupstaðar og síðan upp á Skaga. Á öllum þessum stöðum gekk ég strax í verkstjórafélag viðkomandi starfssvæðis. Þegar ég svo fór alfarinn til Reykjavíkur og síðar Hafnarfjarðar gekk ég aftur í mitt gamla félag þar sem ég hef verið síðan. Mér var sagt ungum að best væri að halda sig við verkstjórafélögin og það hef ég gert sam-

viskusamlega og ekki séð eftir því. Ég hef af eigin reynslu lært að það er mikilvægt fyrir hvern og einn að vera í sterku félagi og það er líka mjög mikilvægt fyrir fyrirtækin að millistjórnendur þeirra eigi sér gott bakland í félagsstarfi.“

Stofnuðu Námsflokka Hafnarfjarðar

Eins og áður sagði byrjaði Steindór snemma á vinnu-markaðnum, raunar fyrr en áður getur því hann byrjaði að vinna hjá bæjarútgerðinni 11 ára gamall sem sennilega myndi flokkast sem barnþrælkun í dag! Hann segist fyrst hafa byrjað, eins og margir krakkar á þessum árum, á því að plokka humar og þess háttar en hafi fljótlega þótt nokkuð stjórnsamur og verið beðinn um að taka að sér verkstjórn.

„Þessar vendingar urðu auðvitað til þess að ég hætti fljótlega í skóla og það varð ekki fyrr en ég var 18 ára gamall sem ég tók þann þráð upp aftur. Ekki varð hefðbundinn skóli fyrir valinu heldur tókum við okkur saman nokkrir og bjuggum til úrræði fyrir okkur sem ekki höfðu fylgt hefðbundnu mynstri í skólagöngunni. Námsflokkar Hafnarfjarðar voru settir á laggirnar og réðum við körfuboltahetjuna Einar Bollason sem for-

Viljum halda vel utan um okkar fólk

Rætt við Steindór Gunnarsson, formann Verkstjóra- og stjórnendafélags
Hafnarfjarðar sem varð verkstjóri aðeins 14 ára gamall!



Bårubúð á Flúðum er glæsilegt orlofshús sem Verkstjóra- og stjórnendafélag Hafnarfjarðar á og rekur.



Formaðurinn er ánægður með félagið sitt nú þegar það stendur á tímamótum.

stöðumann. Ég hóf þar gagnfræðanám og lauk því meðfram vinnu á einu ári og það verður að segjast eins og er að það var býsna strembið. Maður var í vinnunni frá því fyrir kl. 07 á morgnana til kl. 18 síðdegis, þá var haldið í kvöldskólann og setið við til kl 23 og loks haldið heim til að læra! Þetta nám sem við fengum var mjög gott en kostaði auðvitað peninga því það var utan hefðbundna skólakerfisins. Eftir haustönnuna var ég orðinn blankur og ætlaði að fresta námi þar til betur stæði á hjá mér en þá datt ég í þann lukkupott að hafa tippað á 13 rétta í boltanum og fékk sem nam árslaunum í vinning. Það varð til þess að ég gat haldið minni striki og lokið gagnfræðaprófinu.“

Flakkað um landið

Þegar Steindór var tvítugur að aldri var hann ráðinn af Byggðastofnun til að starfa við fiskvinnslu á Bíldudal og þar starfaði hann í ár. „Þá var mér boðið að venda kvæðinu í kross og flytjast til Neskaupstaðar þar sem uppbygging var að hefjast eftir snjóflóðin ægilegu sem þar dundu yfir. Þar var ég í fjögur ár hjá Sildarvinnslunni að ég tók aftur stefnuna þvert yfir landið og settist að á Akranesi þar sem ég var önnur fjögur ár. Eftir góð ár á Skaganum réð ég mig til Ágústar Einarssonar hjá Hraðfrystistöð Reykjavíkur, var þar í eitt ár og fór þá aftur upp á Skaga þar sem ég réð mig sem verkstjóra í Haferninum. Þaðan fór ég svo aftur til Hraðfrystistöðvarinnar og vann

hjá henni og þeim fyrirtækjum sem urðu til í sameiningarferli næstu ára í um 20 ár.“

Steindór Gunnarsson hafði allan sinn starfsaldur unnið í slorinu eins og hann segir sjálfur, þ.e. í verkstjórn í fiskvinnslu og tengdum greinum. „Ég fór ekki langt frá þessum störfum þegar ég loks réð mig til Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna þar sem ég starfaði sem sölumaður á frystum afurðum í 18 ár. Hjá SH kynntist ég mörgu góðu fólki og fékk tækifæri til að auka við þekkingu mína og flakka um heiminn. Eftir að Sölumiðstöðin lagði upp laupana hætti ég á vinnumarkaði árið 2011 og hef hreinlega tekið því rólega síðan fyrir utan nokkur ráðgjafarverkefni. Tími til að sinna félagsstörfum hefur auðvitað aukist og svo hafa ýmis áhugamál önnur fyllt upp í eyðurnar eins og gengur,“ segir Steindór.

Allt í sjálfböðavinnu

Félagsstörfin hjá Steindóri hafa auðvitað tekið sinn tíma en hann segist aldrei hafa litið á þau sem starf í sjálfa sér. „Við höfum alltaf haft það þannig í Hafnarfjarðarfélaginu að allt er unnið í sjálfböðavinnu – af hugsjón. Þannig höfum við getað haft félagsgjöldin lág en samt verið félögunum nauðsynlegur bakhjarl, sérstaklega þegar kemur að frístundum þeirra. Við höfum lengi búið svo vel að eiga eigið húsnæði, fyrst að Hlissögötu 16 í Hafnarfirði og núna hér í Hlíðasmáranum þangað sem við fluttum í vor. Hér á skrifstofunni er sérsmiðaður kistill sem í raun var skrifstofa félagsins fram að því að Hlissagatan var keypt en í þá tíð voru fundir haldnir heima hjá formanni eða einhverjum sem réði yfir húskynnum. Þetta er okkar arfur og ég tel mikilvægt að í hann sé haldið sem lengst. Óþarfa yfirbygging og starfsmannahald kostar jú sitt og ástæðulaust að íþyngja félögunum of mikið í þeim efnum.“

Tvö glæsileg orlofshús

Verkstjóra og stjórnendafélag Hafnarfjarðar á tvo sumarbústaði, annars vegar Reynistaði í Úthliði í Biskupstungum og hins vegar Bárubúð á Flúðum. „Sumarhúsin hjá okkur eru mjög stór þáttur í starfseminni því auðvitað eru kjaramál og réttindamál miklu meira komin á könnu sambandsins en áður var. Í okkar félagi hafa mál þróast þannig að gjaldkerinn okkar, Kjartan Salómonsson, hefur alfarið séð um rekstur bústaðanna. Kjartan vinnur hjá Bilanausti og hefur verið í stjórn hjá okkur síðan 2013. Þá situr hann núna sem fulltrúi okkar félags í stjórn STF.“

Steindór bætir því við að nú séu bústaðir Verkstjóra- og stjórnendafélags Hafnarfjarðar komnir í Frímann en það er úthlutunarkerfi orlofsbústaða stjórnendafélaganna. „Þetta kerfi er mjög gott og gefur okkar félagsmönnum kost á að sækja um fleiri bústaði annars staðar á landinu. Við leigjum okkar hús út á sama verði til allra, líka þeirra sem standa utan okkar vébanda.“

Þurfum fleiri konur!

Félagar í verkstjóra- og stjórnendafélagi Hafnarfjarðar eru tæplega 300 talsins og fer fjölgandi. Unnið hefur verið að því að fá konur til liðs við félagið og árið 2017 settust fyrstu konurnar í stjórn þess. „Verkstjórafélögin eru auðvitað miklir karlklúbbar því sögulega séð hafa nær eingöngu karlar skipast þar í raðir. Þessu þurfum við að breyta og ég er ekki í vafa um að konur muni hasla sér völl í félögunum á næstu árum enda fer þeim sem betur fer mjög fjölgandi í stjórnunarstöðum. Við í Hafnarfjarðarfélaginu erum með tvær flottar konur í stjórn, þær Ingibjörgu Sigurðardóttur og Sigríði T. Eiríksdóttur og ég vona að fleiri stallsystur þeirra komi til liðs við okkur í forystusveitinni. Það væri af hinu góða.“

Félagi ævina út

Steindór Gunnarsson segist ánægður með stöðu síns félags nú þegar það fagnar 80 ára afmælinu. Verkstjóra- og stjórnendafélag Hafnarfjarðar sé stærra og sterkara en nokkru sinni fyrr og hafi enn margvíslegu hlutverki að gegna. Tímamót urðu árið 2013 þegar nafni félagsins var breytt og stjórnendahugtakinu bætt við hið forna heiti þess. Hann segir að allt of margir stjórnendur í fyrirtækjum og einyrkjar á vinnumarkaði séu utan stéttarféлага og að nauðsynlegt sé að ná til þeirra og fá þá inn í félagið. Því miður séu þeir aðilar án trygginga og það geti kostað mikið ef eitthvað komi upp á.

„Við höfum gert átak í því síðustu ár að fá stjórnendur til að opna augu sín fyrir mikilvægi þess að vera í stjórnendafélagi. Eins og önnur verkstjórafélög ákváðum við að gera nafnbreytingu fyrir nokkrum árum vegna þess að við töldum að félagið þyrfti að höfða til fleiri en eingöngu verkstjóra; einnig til stjórnenda í öllum greinum sem stýra verkefnum og fólki.“

Steindór hvetur alla til að skoða kosti þess að vera í stjórnendafélagi en þau eru nú 11 talsins innan vébanda Sambands stjórnendafélaga. „Hjá okkur ertu nefnilega ævifélagi, þ.e. þú nýtur allra réttinda allt til enda ef þú heldur tryggð við þitt félag út starfsævina. Hjá flestum öðrum stéttarfélögum ertu því miður afmáður af félagskránni þremur mánuðum eftir að þú lýkur störfum og missir öll áunnin réttindi, m.a. til aðstoðar úr sjúkrasjóðum! Við viljum halda vel utan um okkar fólk ævina á enda því það finnst okkur mikilvægt,“ segir Steindór að lokum. ■

Síungur öldungur á afmælisári

Það var í desember árið 1940, nánar tiltekið 6. þess mánaðar, að sjö hafnfirskir verkstjórar komu saman á skrifstofu Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar til að stofna með sér félag. Þar með hófst saga félags sem enn starfar með blóma og fagnar 80 ára afmæli um þessar mundir.

Stökkið inn í nútímann

Þetta hernámsár 1940 var íslenskt þjóðfélag að taka stórt stökk inn í nútímann. Bönd bændasamfélagsins voru tekin að trosna og þéttbýlismyndun meiri en nokkru sinni fyrr. Þessu fylgdi mikil gróska í starfsemi stéttarféлага og fór fólk óðum að skipuleggja sig í hagsmunasamtökum. Verkstjórar voru þar engin undantekning.

Verkstjórásamband Íslands hafði verið stofnað tveimur árum fyrr og undir lok þessa sögulega árs urðu til þrjú ný verkstjórafélög sem áttu eftir að verða burðarásinn í starfsemi sambandsins næstu árin; Verkstjórafélag Hafnarfjarðar, Verkstjórafélag Skagfirðinga og Austur-Húnavetninga og Verkstjórafélag Akureyrar og nágrennis.

Þegar stofnfélagalisti Verkstjórafélags Hafnarfjarðar er skoðaður kemur ekkert á óvart að fimm þeirra koma úr fiskvinnslu og útgerð: *Haraldur Kristjánsson*, sem varð fyrsti formaður félagsins, starfaði hjá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, *Jóhannes Sigfússon* vann hjá útgerðarfélaginu Akurgerði, *Þorbjörn Eyjólfsson* hjá Einari Þor-



Stjórn Verkstjóra- og stjórnendafélags Hafnarfjarðar í dag er skipuð þeim Steindóri Gunnarssyni formanni, Ásmundi Jónssyni ritara, Kjartani Salómonssyni gjaldkera og meðstjórnendunum Agli Erni Sigþórssyni, Ingibjörgu Sigurðardóttur, Skúla R. Hilmarssyni og Sigríði T. Eiríksdóttur.

gilssyni & Co., Þorvarður Þorvarðsson hjá fiskverkuninni Þórnari Böðvarssyni og Torfi Gíslason hjá fiskverkun Lofti Bjarnasonar. Tveir stofnfélaga unnu við vegavinnu og fleira, þeir Gísli Sigurgeirsson og Jón Einarsson.

Ekki bara brauðstrit

Verkstjórafélag Hafnarfjarðar var formfast félag strax í byrjun. Félögum fjölgaði lítið framan af enda inntöku-skilyrðin ströng. Hins vegar var starfsemin strax þróttmikil og fundir um hins ýmsu mál haldnir reglulega. Árið 1942 var stofnaður sérstakur styrktarsjóður sem óx og dafnaði næstu áratugina. Kjaramál verkstjóra í Hafnarfirði komust strax á dagskrá félagsins og voru þau t.d. aðalumræðuefni á fyrsta félagsfundinum. Áhersla var lögð á að bæta kjör verkstjóra í bænum og samræma launin á milli vinnustaða. Þá tók félagið upp það nýmæli að krefjast hærra greiðslna fyrir unna yfirvinnu en það hafði lítt tíðkast á íslenskum vinnumarkaði til þessa.

Verkstjórafélag Hafnarfjarðar var ekki aðeins hagsmunafélag heldur lét það sig menningar- og afþreyingarmál félagsmanna og fjölskyldna þeirra sig miklu varða. Fram kemur í fundargerðarbókum að árið 1943 hóf félagið að standa fyrir dansleikjum og skemmtiferðum. Undir stríðslok hóf félagið að herja á verkstjóra í Hafnarfirði að ganga formlega í félagið enda höfðu þeir flestir öðlast

ýmis réttindi fyrir baráttu þess án þess að vera félagsmenn. Árið 1949 voru félagsmenn orðnir 19 talsins og áratug síðar voru félagar 30.

Í forystu sambandsins

Í stuttri yfirlitsgrein er farið hratt yfir sögu en segja má að fyrstu þrjátíu ár Verkstjórafélags Hafnarfjarðar hafi starfsemin nokkuð verið með kyrrum kjörum. Félagsmenn létu sig þó málefni verkstjóra á landsvísi nokkru varða og margir sátu í árána rás í stjórn VSSI eða voru þar varamenn. Fyrsti Hafnfirðingurinn til að setjast í stjórn Verkstjórasambandsins var Gísli Sigurgeirsson sem var ritari þess á árunum 1943-1945. Lengst allra starfaði þar Þórður Þórðarson sem var meðstjórnandi 1946-1949 og 1951-1959 og svo varaforseti sambandsins frá 1959-1969. Steindór Gunnarsson, núverandi formaður var fyrst kjörinn í stjórn sambandsins árið 1999 og sat hann þar samfelldt í 18 ár. Núverandi fulltrúi Verkstjóra- og stjórnendafélags Hafnarfjarðar í stjórn STF er Kjartan Salómonsson.

Þess má geta að vegna starfa á vettvangi sambandsins hafa fjórir forystumenn Verkstjórafélags Hafnarfjarðar verið kjörnir heiðursfélagar Verkstjórasambands Íslands og Sambands stjórnendafélaga. Það eru þeir Þórður Þórðarson, Bergsveinn Sigurðsson, sem var formaður

Hitaveiturör Stál

Hitaveiturör Pex flextra

Kaldavatnsrör

Ídráttarrör

Stál tengi

Pex tengi

Intakspéttingar

Lokar Tengir Mælar

Lokar

ISRÖR Hringhella 12 221 Hafnarfjörður 565 1489 isror@isror.is ISRÖR SKOÐAÐU ÚRVALIÐ OKKAR INN Á ISRÖR.IS



Stofnfélagar Verkstjórafélags Hafnarfjarðar voru sjö talsins árið 1940. Þessi mynd er tekin árið 1945 og þá hafði félagsmönnum fjölgað nokkuð. Sitjandi frá vinstri: Þorvarður Þorvarðarson, Gísli Sigurgeirsson, ritari fyrstu stjórnar, Þórður Þórðarson, sem lengst allra átti eftir að sitja í formannssætinu, Haraldur Kristjánsson, fyrsti formaður, Torfi Gíslason, Jón Einarsson, Gunnar Jónsson og Jóhannes Sigfússon, fyrsti gjaldkeri. Standandi: Jón Þór Jónsson, Sigurður Þorbjörnsson, Óskar Evertsson, Þorleifur Guðmundsson, Magnús Magnússon og Þorbjörn Eyjólfsson.

VFH í áratug og sat lengi í stjórn VSSÍ, Reynir Kristjánsson, en hann var lengi formaður stjórnar sjúkrasjóðs og gjaldkeri í Verkstjórafélagi Hafnarfjarðar í 40 ár og svo Steindór Gunnarsson, sem kjörinn var heiðursfélagi STF árið 2017.

Forystan í Straumsvík

Þegar kemur fram á 8. áratuginn gera hafnfirskir verkstjóra sig mjög gildandi í kjarabaráttu stéttarinnar en það

var vegna sterkra ítaka þeirra hjá Íslenska álfélaginu í Straumsvík. Þar voru margir félagsmenn starfandi auk allmargra úr Verkstjórafélagi Reykjavíkur. Eins og flestar starfsstéttir í álverinu tóku verkstjóra þá stefnu að gera sína eigin kjarasamninga við fyrirtækið og varð satt að segja vel ágengt. Tímamótasamningar voru gerðir 1969 sem m.a. fólu í sér fleiri veikindadaga á launum, hærri líftryggingu, meiri starfsaldurshækkun o.fl. Þá var fyrsti sjúkrasjóður verkstjóra stofnaður þar árið 1970. Næstu ár á eftir má segja að verkstjórar í álverinu hafi í raun mótað kjarabaráttu sambandsins. Þar lögðu félagsmenn Verkstjórafélags Hafnarfjarðar sannarlega hönd á plóg.

Síungur öldungur

Þegar litið er um öxl er ljóst að samtök þau, sem hafnfirskir verkstjórar settu á laggirnar einn vetrardag fyrir 80 árum, eiga sér merka sögu. Félagið, sem nú heitir Verkstjóra- og stjórnendafélag Hafnarfjarðar, hefur staðið traustan vörð um kjar- og réttindamál stjórnenda í hafnfirskum fyrirtækjum og stofnunum og um leið tekið virkan þátt í að byggja upp samtök stjórnenda á landsvísi. Félagsmenn eru rétt um 300 talsins um þessar mundir og fer fjölgandi. ■

Átta formenn frá upphafi

Formenn Verkstjórafélags Hafnarfjarðar hafa ekki verið margir í 80 ára sögu félagsins eða að eins átta talsins. Þeir eru þessir:

- 1) Haraldur Kristjánsson 1940-1946
- 2) Þorleifur Guðmundsson 1946-1948
- 3) Þórður Þórðarson 1948-1974
- 4) Eiríkur Helgason 1974-1979
- 5) Kjartan Jónsson 1979-1983
- 6) Bergsveinn Sigurðsson 1983-1993
- 7) Erlingur Kristjánsson 1993-1999
- 8) Steindór Gunnarsson 1999-

Þurfum að hlusta vel á yngra fólkið

Út af fyrir sig tel ég að okkar félag standi ágætlega en það er allveg klárt mál að félagsstörf eiga undir högg að sækja og því þurfum við að aðlag okkur að breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Það er líka mikilvægt að forystufólkið sé duglegt að hlusta á það sem yngri félagsmenn kalla eftir því að framtíð okkar er í þeirra höndum," segir Kjartan Salómonsson, gjaldkeri Verkstjóra- og stjórnendafélags Hafnarfjarðar í samtali.

Fjölbreyttur starfsferill

Kjartan er lærður málari og starfaði við það fag í 15 ár. Þegar hann hætti að mála fór hann að vinna í Steypustöðinni sem sölustjóri í hellum og einingum og þar starfaði hann í 7 ár. Þá tóku við 2 ár í Glerborg og í dag starfar Kjartan sem sölustjóri hjá Bilanausti.

Kjartan hefur komið nokkuð að félagsmálum og undanfarin tvö ár gegnt starfi gjaldkera í sínu félagi. „Ég man nú ekki alveg hvaða ár ég gekk í Verkstjórafélag Hafnarfjarðar en mig minnir að það hafi verið 2005 og þá settist ég strax í stjórn. Ég var svo kjörinn gjaldkeri þar fyrir 2 árum og tók þá við af Reyni Kristjánssyni sem lengi hafði sinnt því starfi. Ég tók svo sæti í stjórn sambandsins fyrir 3-4 árum síðan fyrir hönd míns félags en öll félögin eiga fulltrúa þar. Það hefur verið skemmtilegur tími og lærdómsríkt að sjá hvernig sambandið virkar í heild sinni.“

Félögin verði færri en stærri

Við spyrjum Kjartan út í nafnbreytingarferlið hjá félögum innan STF en nafni hans félags var breytt árið 2013 í Verkstjóra- og stjórnendafélag Hafnarfjarðar. „Ég held að breytingin á nafninu, það er að segja að bæta við stjórnendaheitinu, geri þetta ekki eins karlægt og þegar félagið var einungis kennt við verkstjóraklúbkið. Þann-



Kjartan Salómonsson, gjaldkeri Verkstjóra- og stjórnendafélags Hafnarfjarðar.

ig að nú er bara að kynna þetta betur fyrir konum í stjórnendastöðum en þær þurfa svo sannarlega að fylkja sér í þetta ágæta félag.“

Kjartan Salómonsson er að lokum spurður hvernig hann sjái fyrir sér þróunina innan Sambands stjórnendafélaga á næstu árum: „Ég held að þróunin hljóti að verða sú að félög sameinist í auknum mæli og verði þar af leiðandi sterkari í hverjum landshluta. Þannig muni færri en stærri og öflugri félög mynda ennþá sterkari heild.“ ■

Íslenska gámafélagið

Samvinna skiptir öllu máli

Starfsemi Íslenska gámafélagsins byggist að mestu leyti á sorphirðu og flokkun hjá fyrirtækjum og heimilum um allt land auk þess sem fyrirtækið sér einnig um m.a. götusópun, snjómokstur, lífdísilframleiðslu og fræðslu og námskeið. Auður Pétursdóttir, sölustjóri fyrirtækisins, segir að á meðal verkefna séu snjalllausnir fyrir fyrirtæki þegar kemur að sorpi.

Íslenska gámafélagið var stofnað árið 1999 og var markmiðið að auka samkeppni á því sviði sem snýr að sorphirðu. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 300 talsins víðs vegar um landið. Um 15% starfsmanna eru konur og var fyrirtækið fyrst fyrirtækja hér á landi til að fá jafnlaunavottun. „Það er eitt af aðalsmerkjum fyrirtækisins,“ segir Auður í samtali við STF-tíðindi.

Þriggja tunnu kerfið

„Kjarnastarfsemin okkar er sorphirða, flokkun og endurvinnsla og erum við með gífurlega öflugt teymi um allt land. Við erum að þjónusta bæði sveitarfélög og fyrirtæki en þetta er svolítið misjafnt eftir því hvort um sé að ræða almenna sorphirðu eða þriggja tunnu kerfið. Þriggja tunnu kerfið byggir á að sorpið skiptist í þrjá flokka; almennt, lífrænt og endurvinnanlegt,“ segir

Auður en um 20 sveitarfélög eru í þessu kerfi á vegum fyrirtækisins. Þriggja tunnu kerfið samanstendur af grænni tunnu þar sem má setja allan pappír, bylgju-pappa, plastumbúðir og minni málmhluti svo sem niðursuðudósir og lok, brúnni tunnu sem tekur við öllum lífrænum eldhúsúrgangi og loks grárri tunnu sem tekur við óendurvinnanlegu sorpi.

Starfsmenn á vegum fyrirtækisins sjá um götusópun fyrir hið opinbera sem og fyrirtæki og húsfélög og þeir sjá um snjómokstur á götum borgarinnar og víðar auk þess að salta og sanda gegn hálfu. Lífdísilframleiðsla er eitt af verkefnum fyrirtækisins en þá sækja starfsmenn matarolíu til veitingastaða og breyta henni svo yfir í lífdísil sem notað er á bila fyrirtækisins auk þess sem það er flutt út. Jarðgerð er mikilvægur þáttur í starfseminni og þykir molta, sem er lífrænn úrgangur, vera einn besti áburður sem hægt er að fá.

Sorp til orkuvinnslu erlendis

Starfsfólk Íslenska gámafélagsins flokkar hráefni sem falla til frá fyrirtækjum og einstaklingum svo sem pappa, plast og málma. Þetta er svo ýmist flutt út til frekari flokkunar eða beint til endurvinnslu. Auður segir að það



Auður Pétursdóttir, sölustjóri Íslenska gámafélagsins.
„Mér finnst skipta öllu máli að allir vinni saman og það
er hlutverk mitt að allir fái að blómstra.“

hafi verið í fyrra sem byrjað var að flytja út sorp til orkuvinnslu en þá var fyrirtækið með herferðina „Hættum að urða“.

„Þess vegna erum við hætt að urða almennt sorp en það er ekki góður kostur fyrir umhverfið að setja sorp ofan í jörðina. Sorpið kemur í móttökustöðina í Gufunesi þar sem það er baggað líkt og heyrúllur og við flytjum það svo til Danmerkur og Hollands sem dæmi. Þar er ekki hitaveita eins og við erum svo heppin að vera með hér á landi og sorpið fer í þar til gerðar orkuvinnslustöðvar þar sem það er nýtt til húshitunar. Þar er almenna sorpið notað í staðinn fyrir kol, kjarnorku og olíu þannig að það er stórkostlegt hvernig hægt er að nýta óendurnýtanlegan hluta sorpsins til orkuvinnslu. Auk þess þurfum við ekki að eyða dýrmætu landsvæði í að grafa holur fyrir sorp þar sem ekki væri hægt að byggja í framtíðinni. Það er umhverfislegur ávinningur að eyðileggja ekki dýrmætt landsvæði og nýta sorpið í staðinn til orkuvinnslu.“

Íslenska gámafélagið leigir út salerni svo sem á útihátíðir auk þess sem þau hafa verið leigð til að mynda fyrir brúðkaup og afmæli sem haldin eru úti á landi. „Við erum með vefverslun og seljum allar stoðvörur fyrir sorphirðu eins og flokkunarilát bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki til að hafa bæði innandyr og utandyra og máispoka af öllum stærðum og gerðum og svo náttúrulega tunnur og gáma.“

Fræðsla og námskeið

Íslenska gámafélagið hefur verið í miklu samstarfi við frumkvöðla og tengist verkefnið varðandi lífdísilframléiðsluna til dæmis háskólanema sem kom með þá hugmynd. „Nú erum við í samstarfi við Plastplan, sem sérhæfir sig í endurvinnslu plastefna, hönnun og fræðslu, en þar á bak við eru tveir ungir menn sem eru að búa til alls konar nytjahluti úr umbúðaplasti sem þeir fá hjá okkur. Við erum í rauninni alltaf að leita að tækifærum eða gefa fólki tækifæri og ef einhver er með góða hugmynd þá erum við alltaf tilbúin til að styðja við bakið á viðkomandi af því að umhverfismál eru okkur hugleikin“.

Íslenska gámafélagið býður upp á snjalllausnir fyrir fyrirtæki þegar kemur að sorphirðu og flokkun. Auður segir að mörg fyrirtæki geti verið í sömu byggingunni þar sem sé ein sorpgeymsla og þá er sorpið frá hverju fyrirtæki vigtað og þannig fást tölulegar upplýsingar um hvernig hvert fyrirtæki er að standa sig í flokkun og hægt að rúka förgunargjöld eftir því. „Það starfar hámenntað fólk á umhverfisviði fyrirtækisins; þar eru meðal annars þrír líffræðingar og jarðfræðingur. Þetta er klassafólk. Þau sjá um útflutninginn – að allt sé gert rétt og fari í sem bestan farveg. Þau sjá einnig um alla fræðslu til fyrirtækja og sveitafélaga sem felst í að fara á þessa staði ef þess er óskað og halda fyrirlestra og eru með kennslu í flokkun. Stundum er um stærri námskeið að ræða þar sem farið er yfir alla umhverfisþætti svo sem rafmagnsnotkun og vatnsnotkun og farið dýpra í umhverfislegan sem og fjárhagslegan ávinning af flokkun.“ Auður segir að æ fleiri fyrirtæki og stofnanir til dæmis skólar nýti sér þessa þjónustu.

Sorpflokkun. „Við erum með vefverslun og seljum allar stoðvörur fyrir sorphirðu eins og flokkunarilát bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.“





Íslenska gámafélagið flokkar hráefni sem falla til frá fyrirtækjum og einstaklingum svo sem pappa, plast og málma. Þetta er svo ýmist flutt út til frekari flokkunar eða beint til endurvinnslu.

Eitt lið og allir njóti sín

Auður hefur starfað hjá Íslenska gámafélaginu í 13 ár. Hún hafði áður unnið meðal annars á leikskólum og við afgreiðslu í apóteki en fór svo í eins árs nám við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann. Auður byrjaði að vinna í móttökunni hjá Íslenska gámafélaginu þar sem hún var á símanum, hún varð sölumaður í söludeild tveimur árum síðar og svo var hún ráðin sölustjóri fyrir tveimur árum. Hún segir að starfsaldur innan fyrirtækisins sé yfirleitt hár.

„Starf mitt felst í yfirumsjón með sölu- og þjónustudeildinni. Við erum átta í deildinni, fimm konur og þrír karlar, og ég sé um daglegan rekstur ásamt því að vera

leiðandi í því sem við erum að gera.“ Auður segist í starfi sínu sem stjórnandi leggja áherslu á samvinnu. „Það er númer eitt, tvö og þrjú. Mér finnst það skipta öllu máli að allir vinni saman og svo er það hlutverk mitt að allir fái að blómstra. Aðalhlutverk stjórnandans er að allir fái að njóta sín og sýna hvað í þeim býr.“

Auður segir að það hafi verið áskorun þegar hún hóf störf sem sölustjóri, enda bar hún þá meiri ábyrgð en áður og hún segist elska gott skipulag sem stjórnandi. „Ég hef bara gaman af því að vera í djúpu lauginni og er óhrædd við það en þar sem ég þekkti fyrirtækið vel þá vissi ég að ég hefði 100% stuðning. Það má gera mistök. Maður lærir bara af þeim. Og það er sama viðhorf og ég



Starfsmenn á vegum fyrirtækisins sjá um götusópun fyrir hið opinbera sem og fyrirtæki og húsfélög og þeir sjá um snjómokstur á götum borgarinnar og víðar.

ber til annarra starfsmanna í söludeildinni; við erum eitt lið sem hjálpast að. Áherslan hjá mér er í raun og veru sú að fólk nái sem mestum árangri á þeim tíma sem það er í vinnunni og hugsi um vinnuna á vinnutíma og noti frítímann í annað.“

Auður segir að dæmigerður vinnudagur hefjist á því að starfsfólk deildarinnar hittist og taki stöðuna. „Við

skiptum aðeins á milli okkar landsvæðum, en þannig náum við að þekkja svæðin betur og viðskiptavinurinn fær persónulegri þjónustu, og þar af leiðandi erum við töluvert á ferðinni. Við heimsækjum fyrirtæki ef það vantar til dæmis ráðgjöf eða þarf að bæta við ilátum. Við erum alltaf að sækja á fyrirtækjamarkaðinn og fá ný fyrirtæki sem viðskiptaaðila. Sölustarfið er þannig að maður getur verið að selja allt frá litlum ruslatunnum upp í stóra gáma til stórfyrirtækja. Þetta er allur pakkinn.“


Tekur myndir af ruslatunnum!

Auður nýtur sín í starfi. „Það er ákaflega gaman að vera í starfi sem maður elskar og manni finnst maður vera að skila einhverju til baka með gleðina að vopni.“ Hún segir að nám sitt við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann hafi skipt máli þegar hún byrjaði að vinna hjá ÍGF. „Það hentaði mér mjög vel að fara í stutt en hnitmiðað nám og síðan hef ég verið að sækja námskeið af og til eins og hjá endurmenntun HÍ ásamt sölutækni hjá Dale Carnegie og fleirum.“

Auður hugsar um að flokka sorp á eigin heimili og segir að það sama sé að segja um börn sín og flesta sem hún þekkir og flokkun er ofarlega í huga hennar. „Við vinnufélagarnir gerum stundum grín að því að við erum vön að taka myndir af ruslatunnum ef við erum á ferðalagi. Ég var einu sinni í skiðaferðalagi í ítölsku Ölpunum og var að taka myndir af ruslatunnum þegar ég heyrði kallað á mig en þá var verið að bíða eftir mér. Ég hafði séð svo flottar ruslatunnur og ég fór að taka mynd af þeim á meðan ferðafélagar mínir tóku myndir af landslaginu. Þetta á við um okkur öll sem vinnum hérna en við sendum ýmsar myndir á milli okkar þegar við erum í frii.“ ■

Desemberuppbót er svona í ár!

Desemberuppbót á að greiða út í síðasta lagi 15. desember ár hvert. Skv. nýjum kjarasamningi við SA er uppbótin á almenna markaðnum og ríkinu 94.000 kr. miðað við fullt starf. Desemberuppbót hjá Faxaflóahöfnum hf. er í ár 108.600 kr. og hjá Reykjavíkurborg 103.100 kr. og 108.000 kr. hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Sveitarfélögin í landinu greiða 118.750kr. í desemberuppbót.





**Bjóðum færibönd
af öllum stærðum og gerðum**

Ýmislegt annað fyrir sjávarútveginn



**GÚMMÍSTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.**



Valgerður Hrund Skúladóttir. „Við styðjum sérfræðingana hjá fyrirtækjunum og stofnunum sem eru viðskiptavinir okkar.“

Sensa sérhæfir sig í fjölbreyttum lausnum í upplýsingatækni fyrir fyrirtæki og stofnanir. „Við erum í dag mikið í skýjalausnum og við sjáum það sem hlutverk okkar að finna bestu lausnirnar fyrir viðskiptavinina; hvernig á að forma upplýsingatæknina hjá þeim þannig að notendurnir hafi aðgang að þeim gögnum sem þeir þurfa á því formi og á eins öruggan hátt sem hægt er,“ segir Valgerður Hrund Skúladóttir framkvæmdastjóri.

Valgerður Hrund stofnaði fyrirtækið árið 2002. Hún er rafmagnsverkfræðingur að mennt auk þess að vera með MBA-próf og stofnaði hún fyrirtækið eftir að hafa unnið hjá Tæknivali í átta ár; hún segist hafa viljað gera eitt-hvað nýtt. „Við vorum tvö til að byrja með,“ segir hún „og ég er hér næstum því 20 árum síðar,“ segir hún þar sem hún situr í einu af fundarherbergjum fyrirtækisins. Stofnendurnir seldu Sensa til Símans árið 2007.

Starfsmenn Sensa eru rúmlega 100, mest tæknimenntað fólk. Konur eru einungis 12% starfsmanna. Sensa sérhæfir sig í fjölbreyttum lausnum í upplýsingatækni fyrir fyrirtæki og stofnanir. „Við erum í rekstri, hýsingu og sérfræðipjónustu og leggjum mikla áherslu á innviðina, netkerfið, gagnageymslurnar og allt það sem geymir, passar upp á, flytur og tryggir upplýsingarnar. Við erum líka í því sem tryggir gott aðgengi eins og tengingar og að viðskiptavinir okkar komist í upplýsingarnar á öruggan hátt. Þetta er í fáum orðum það sem starfsmenn Sensa gera.“

Mikið í skýjalausnum

Í byrjun var lögð áhersla á IP-netkerfi og samskiptalausnir eins og þetta var kallað þá. „CISCO er einn af stórum samstarfsaðilum Sensa en í upphafi var mikil áhersla lögð á samstarf við CISCO.“ Cisco Gold Certified gefur til kynna þekkingarstig innan fyrirtækisins og er Sensa eina fyrirtækið á Íslandi sem hefur þessa stöðu en um er að ræða æðstu vottun sem CISCO veitir samstarfsaðilum sínum og staðfestir vottunin þekkingu og hæfni fyrirtækisins ásamt því að ferlar og vinnubrögð uppfylla strangar kröfur CISCO. Fyrir viðskiptavinum Sensa tryggir þetta að kjör á búnaði verða þau bestu sem völ er á og aðgangur að tæknilegri þekkingu er mjög góður. Þess má geta að níu tæknimenn Sensa hafa náð hinni torfengnu CCIE (Cisco Certified Internetworking Expert) gráðu sem er ein sú eftirsóttasta í netheiminum. „Við styðjum sérfræðingana hjá fyrirtækjunum og stofnunum sem eru viðskiptavinir okkar.“

Tækniheimurinn breytist hratt og lausnirnar þróast og Sensa hefur í gegnum árin þurft að samsama sig þeim. „Við erum í dag mikið í skýjalausnum og við sjáum það sem hlutverk okkar að finna bestu lausnirnar fyrir viðskiptavinina; hvernig á að forma upplýsingatæknina hjá þeim þannig að notendurnir hafi aðgang að þeim gögnum sem þeir þurfa á því formi og á eins öruggan hátt og hægt er. Þannig að þetta er hugmyndafræðin sem við vinnum eftir. Við vinnum mikið í því sem kallast „hybrid IT“ þar sem þarf að blanda leiðum þannig að það

Tækniheimurinn breytist hratt

– segir Valgerður Hrund Skúladóttir framkvæmdastjóri Sensa


henti hverju verkefni fyrir sig; nýta skýið, hýstar lausnir og sérstakar lausnir í bland. Þetta fer svolítið eftir hverju verkefni, hvar er best að vinna það og hvaða tól, tæki og tækni er best að nota. Við leggjum áherslu á að viðskiptavinir okkar hafi stjórn á og skilning á hvar upplýsingar þeirra liggja, hvar þeir hafa samskipti þannig að það henti verkefninu sem verið er að vinna. Þannig að við erum með mjög gott teymi sem er líka í þessu og hugsar um ferlana, flæðið og samsetninguna á upplýsingunum.

Við erum auk þess líka mikið í viðskiptagreind; að sækja gögn í mismunandi kerfi, sameina þau og breyta þeim í hagnýtar upplýsingar fyrir viðkomandi eiganda eða notanda að upplýsingum,“ segir Valgerður Hrund.

Rúmlega þúsund fyrirtæki og stofnanir nýta sér þjónustu Sensa. „Við sjáum um allan daglegan rekstur fyrir suma viðskiptavinum okkar þannig að það þýðir að við erum á hverjum degi að þjónusta þá og sjáum um alla aðstoð við



„Við erum í rekstri, hýsingu og sérfræðiþjónustu og leggjum mikla áherslu á innviðina, netkerfið, gagnageymslurnar og allt það sem geymir, passar upp á, flytur og tryggir upplýsingarnar.“



Sensa rekur tækniborð sem veitir aðstoð í gegnum síma og í gegnum verkbeiðnakerfi Sensa. Tækniborð er opið virka daga frá 9-17. Mönnuð bakvakt er allan sólarhringinn.



Sensa er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í fjölbreyttum lausnum í upplýsingatækni. Hjá Sensa starfar reynslumikill hópur sérfræðinga með hátt þekkingarstig.

Þá notendur. Við erum hvað aðra viðskiptavinum okkar varðar meira sérfræðingar sérfræðinganna og komum inn þegar þarf að gera einhverjar breytingar eða vinna stór verkefni. Þannig að við erum í daglegum samskiptum við suma og svo veitum við öðrum þjónustu einu sinni á ári og allt þar á milli.“

Snýst um verkefnin

Starfsfólk Sensa vinnur mikið í teyllum og segir Valgerður að þíamíðaskípulag virki ekki innan fyrirtækisins. „Við þurfum á því að halda að hvert teymi geti starfað svölítið sjálfstætt án þess að fara upp og niður einhvern þíamíða. Við erum þess vegna með mjög flatt skípulag og reynum að vera opin varðandi til dæmis aðgengi að tölum og upplýsingum. Við trúum því að hópurinn sé að vinna saman og að kúlturinn geti hjálpað til við að allir geti verið að taka skynsamar ákvarðanir fyrir fyrirtækið.

Ég legg áherslu á sjálfstýrandi teymi, enda hefur fólkíð sem ég er að vinna með meira vit á því sem við erum að gera heldur en ég. Við höfum mikið verið að skoða hugmyndafræði sem kallast TEAL og er gegnsæi til dæmis ein varðan sem þýðir að hér reynum við að hafa upplýsingar eins gegnsæjar og til reiðu fyrir fólk eins og hægt er. Ég er sannarlega framkvæmdastjórinn og þarf oft að minna sjálfa mig og aðra á að ég þarf ekkert að vera flækt í ákveðin mál. Starfsmenn eiga bara að klára þau. Ég vil geta stutt samstarfsfólk mitt þannig að eiginleikar þess fái að blómstra; það finnst mér skipta öllu máli. Ég þarf líka að geta treyst því og ég styð það.“

Þegar Valgerður er spurð um mestu áskoranir í starfi nefnir hún áhyggjur af að bregðast starfsfólkínu. „Það er að segja að ná ekki að styðja við samstarfsfólkíð til þess að það geti blómstrað. Mestu vonbrigðin eru þegar maður sér einhvern hæfileikaríkan og maður nær ekki að hjálpa viðkomandi að blómstra.“

Valgerður talar um hvernig hún sé sem stjórnaní. „Ég tel mig vera öðruvísi stjórnaní. Ég tel mig ekki passa inn í venjuleg stjórnaníamót. Ég er á annarri vegferð heldur en kennd er í stjórnaníafraeðum í íag. Og ég hef aðra sýn á hvernig ég sé okkur þroskast og breytast. Ég hef aldrei rekist vel og það er kannski ástæðan. Þegar ég vann hjá Tæknívalí fékk ég svölítið að fara í verkefnin eins og ég er; ég vann oft í verkefnum þvert á fyrirtækið og ég vann mikið með öllum. Ég var aldrei meðvítuð um múra eða veggí heldur vann ég verkefni og fór yfir veggí og trúðst í gegnum múra og það lítur mig svölítið. Það getur líka verið svölítið erfitt vegna þess að ég ætlast til þess sama af þeim sem ég vinn með. Þetta snýst ekki um stöðuna heldur um verkefnin.“ ■

Knútur Gunnar Henrýsson, yfirverkstjóri hjá Tengi á Akureyri

Fyrsta verkstjórarstarfið

Knútur Gunnar Henrýsson er yfirverkstjóri hjá Tengi ehf. á Akureyri, fyrirtæki sem sér um lagningu og rekstur ljósleiðarakerfis á Eyjafjarðarsvæðinu. „Maður er með á bilinu 14-20 manns úti. Ég er í raun að skoða og undirbúa verkin, skipta þeim niður í hópa sem hæfa þeim verkefnum sem við erum að vinna og koma þeim síðan inn í verkin,“ segir Knútur og bætir við að vinna hans fari að mestu fram utandyra. „Þetta snýst mest um að aka um á milli manna, halda þeim við efnið og færa þeim dót svo þeir þurfi ekki að stoppa í því sem þeir eru að gera.“

Reyna að raska sem minnstu á lóðunum

Knútur fer fyrir framkvæmdadeild fyrirtækisins í jarðvegsverkefnum á Akureyri þar sem eru stór verkefni framundan í áframhaldandi uppbyggingu ljósleiðara á svæðinu. Þá er oft unnið í frekar vernduðu umhverfi og vanda þarf til verka. „Baklóðir eru oft og tíðum annað heimili fólks og það getur alveg verið áskorun að semja við fólk um að við séum að koma og fara að koma rörum og dóti inn á lóðir hjá fólki. Þá verðum við að finna leiðir þar sem minnsta raskið er,“ segir Knútur.

Annað vandamál er að fá leyfi til þess að fara inn á heimili fólks og sérstaklega í núverandi ástandi. „Við höfum bara reynt að gæta ítrasta öryggis með það. Auðvitað voru sumir sem vildu ekki að neinn kæmi og við höfum lent í því að fólk sé bara í sóttkví,“ segir Knútur en hertar reglum voru settar hjá Tengi varðandi þessi mál.

Smátækin auðvelda verkið

Próunin á þessu sviði hefur verið mikil á undanförnum árum. „Við erum mikið að að plægja ljósleiðarastrengina niður svo að það sjáist sem minnst og reynum að grafa eins lítið og hægt er. Við erum með frábæra flóru af smátækjum; fjarstýrðum plögum, litlum gröfum og alls konar

lítill tæki sem hjálpa okkur,“ segir hann og tekur dæmi um nýja handsög sem hefur sparað tíma. „Áður tók það tvo, þrjá tíma að bora í gegnum einn runna. Nú tekur það fimm mínútur og öll eftirvinnsla er miklu minni.“

Tengir er í samkeppni við Milu á þessum markaði en Knútur segir erfitt fyrir hann að meta hversu hörð sú samkeppni er. „Þeir eru samt ekki að fara í ýmislegt sem við gerum,“ segir hann og bætir við. „Það er ákveðið samstarf á milli Tengis og Milu. Ef við erum að grafa skurði og þvera götur þá bjóðum við Milu að vera með. Það er engin andúð þarna á milli.“

„Fannst ég ekki vera að gera neitt!“

Knútur tók við verkstjórarstarfinu í upphafi þessa árs. „Ég hef verið í jarðvegsvinnu síðan árið 1998. Ég byrjaði sem vélamaður og hef verið í því meira og minna. Maður var auðvitað sjálfur sinn herra yfir því en þetta er frumraun mín sem verkstjóri yfir svona mörgum mönnum,“ segir Knútur sem kann mjög vel við starfið þó það hafi tekið tíma að venjast því í fyrstu.

„Tilfinningin var þannig fyrst um sinn að mér fannst ég ekki gera neitt! Það er samt skrítið að standa og horfa á einhvern vitandi að þú getur gert þetta hraðar. Menn eru auðvitað misgóðir og margir að æfa sig ennþá,“ segir Knútur sem hælir starfsfólki sínu í hástert. „Þetta eru allir algjörir snillingar sem vinna hér. Þeir kunna þetta allir upp á há.“ ■

Knútur Gunnar Henrýsson, yfirverkstjóri hjá Tengi, fer fyrir framkvæmdadeild í jarðvegsverkefnum á Akureyri.



Össur í alþjóðlegu

Össur er alþjóðlegt heilbrigðistæknifyrirtæki sem hannar og framleiðir stoðtæki, spelkur og stuðningsvörur. Dagrún Árnadóttir er verkefnastjóri í gæðadeild og leiðir teymi í sjö löndum sem vinnur að því að innleiða hugbúnað varðandi nýtt gæðakerfi. „Það eru allir með sitt hlutverk að vinna að sama markmiði þó ég sé með einhverja heildarsýn og passa að allt sé á réttum tíma. Þannig að mér finnst vera mikilvægt að um sé að ræða samvinnu og þetta sé á jafningjagrundvelli.“

Dagrún talar um fyrirtækjamenninguna og slagorðið „Líf án takmarkana“. „Við erum alltaf að hugsa hvernig við getum hjálpað notendum Össurar að eiga betra líf og bæta lífsgæði þeirra.“ Dagrún talar líka um gildi Össurar sem eru heiðarleiki, hagsýni og hugrekki. „Við vinnum mikið með gildi fyrirtækisins.“

Skynjarar í vöðvum og stúf

Fyrirtækið hefur stækkað jafnt og þétt í gegnum árin með áherslu á þróun á nýjum vörum auk þess sem Össur hefur keypt fyrirtæki til að eignast ákveðnar vörulínur. „Árið 2015 bættist til dæmis við vörulína frá skosku fyrirtæki sem framleiddi hreyfanlegar gervihendur og býður Össur nú upp á hátæknivörur bæði fyrir neðri og efri útlími.“

Össur hefur verið leiðandi í sínum geira um árabíl og segir Dagrún að það tengist hinu öfluga þróunarstarfi og áherslu á það hjá fyrirtækinu sem og frumkvöðla-hugsuninni; hvað þurfi að gera til að bæta enn betur eða hvað er hægt að gera til að hjálpa fólki meira. „Við erum alltaf að hugsa um hvernig við getum aukið lífsgæði fólks og hugað um leið að öryggi þess. Þróunardeildin er alltaf að reyna að ganga lengra. Svo er það þessi viðsýni sem er áberandi.“



Dagrún Árnadóttir. „Við erum alltaf að hugsa hvernig við getum hjálpað notendum Össurar að eiga betra líf og bæta lífsgæði þeirra.“

umhverfi



Starfsmenn Össurar eru í dag um 3.500 talsins og starfa í rúmlega 25 löndum.

Össur setur að jafnaði um 20 nýjar vörur á markað á hverju ári og er því mjög öflugt þróunarstarf í gangi. Þeir sem vinna við hönnun og þróun á vörum eru einnig í mjög góðu sambandi við notendur. Varðandi þróunarstarf nefnir Dagrún til dæmis örtölvustýrð hné og ökkla sem skynja göngulag og umhverfi. „Það eru komnar tengingar í snjallsíma sem stilla tækið og gefa upplýsingar svo sem skrefafjöldi. Það er alltaf verið að þróa þessar vörur í átt að léttari tækjum, betri og nákvæmari fyrir notendur. En um leið er alltaf verið að hugsa um öryggi notenda.“

Dagrún segir að verkefni sé í vinnslu þar sem skynjurum er komið fyrir í vöðva á stúfnum og þessir skynjarar nema merkið frá vöðvunum og senda út í gervifótinn eða höndina til að koma hreyfingu af stað. „Það eru mjög spennandi tímar fram undan á þessu sviði. Vörur Össurar hafa allar tengst notandanum utan á líkamanum en þarna er um að ræða tengingu inn í vöðva.“

Menntun mikilvæg

Dagrún vann á sínum tíma í sex ár hjá Össuri, fyrst sem tækniteiknari í þróunardeild Össurar. Hún tók með vinnu ýmis námskeið í BA-námi í bókasafns- og upplýs-

ingafræði við Háskóla Íslands og ákvað að taka sér ársleyfi og klára námið sem hún gerði árið 2007. „Mig langaði síðan að fara í þverfaglegt meistaranám og fór í meistaranám í verkefnastjórnun (MPM) og útskrifaðist þaðan 2009. Ég tel að menntun sé mjög mikilvæg. Þó að reynsla sé líka mjög mikilvæg og góð reynsla geri margt fyrir starfsferil manns þá held ég oft að menntun geti hjálpað manni

til að fá þau tækifæri sem mann langar að öðlast. Það er auðvelt aðgengi að námi á Íslandi. Íslenskt menntakerfi er opið í samanburði við önnur lönd, sem dæmi er lítil stýring í hvaða háskólanám fólk fer. Að auki er kostnaður minni en í mörgum löndum, bæði austan- og vestanhafs. Ég held að nám sé líka mikilvægt til að koma í veg fyrir stöðnun. Maður kannski staðnar frekar í starfi ef maður er ekki líka búinn að ná sér í einhverja menntun

Þó ég telji reynsluna líka vera mjög mikilvæga. Margir eiga eftir að vinna til sjötugs og ég hvet fólki til að fara í nám til að víkka sjóndeildarhringinn.“

Dagrúnu langaði til að fara aftur að vinna í alþjóðlegu umhverfi eftir útskrift; hún segir að sér hafi þótt reynslan af að vinna hjá Össuri á sínum tíma hafa verið spennandi sem og áskorun. „Þegar starf bauðst aftur fyrir tæpum sex árum þá var það aldrei vafi að stökkva á það tækifæri sem verkefnastjóri í gæðadeild. Fyrirtækið hafði breyst mjög mikið frá því ég hætti þar störfum; það hafði tvöfaldast í stærð og var með starfsemi í fleiri löndum. Þetta var næstum því ekki sama fyrirtækið en Össur-menningin er samt alltaf til staðar.“

Dagrún segir að stóra verkefnið sem varð þess að hún var ráðin að nýju hjá Össuri felist í að vera yfir teymi við að innleiða hugbúnað varðandi nýtt gæðakerfi. Hún nefnir að reglur varðandi lækningatæki hafi breyst og kröfur aukist mikið í kjölfar „stóra brjóstapúðamálsins“ í Frakklandi árið 2009. „Þegar ég kom inn aftur árið 2015 þá vorum við í rauninni að efla þessa deild til þess að takast á við bæði breytingar sem höfðu orðið og voru væntanlegar. Við erum í stórrí breytingu núna sem mun taka gildi í maí á næsta ári og er mjög stór í lækningatækjaumhverfinu. Það er evrópsk löggjöf sem kallast MDR (e. Medical device regulation). Við erum alltaf að vinna í reglugerðarumhverfi og passa að við séum að uppfylla þær ströngu kröfur og reglur til að mega starfa á lækningamarkaði og einn liður af því er innleiðing á þessu kerfi.“

Fjölbreyttir vinnudagar

Dagrún segir að fyrir utan Íslendinga séu starfsmenn í teyminu sem hún stýrir og taka þátt í þessu innleiðingarverkefni í sex öðrum löndum. Vinnudagarnir eru fjölbreyttir. „Vinnudagurinn minn getur byrjað á fjarfundi með fólki í Asíu þar sem vinnudagur þeirra er að klárast og svo endað daginn minn á fundi með fólki í Mexíkó því þeirra dagur er þá að byrja. Þetta er mjög fjölbreytt og það er ótrúlega gaman að vinna með öllu þessu fólki víða um heim.“ Dagrún segir að verkefnastjóri þurfi að vera með góða samskiptahæfileika, lesa í hópinn og vinna vel með hópnum.

Hún nefnir nýjar áskoranir eins og mismunandi menningu. „Þó að Össur vinni mjög mikið í því að innleiða Össur-menningu þá er allt önnur menning til dæmis í Asíu og Mexíkó en á Íslandi. Það getur verið áskorun að vera viss um að allir hafi sameiginlega skilning á því sem er að fara að gerast og sumir eru hræddari við að segja sína skoðun af því það er ekki í þeirra menningu.“ Áskoranir eru fleiri og nefnir Dagrún tungumál. „Enska er tungumálið í Össuri en við erum víða með spænskumælandi fólki, til dæmis í Mexíkó, sem er ekki allt sterkt í ensku þannig að það getur komið upp misskilningur. Svo má geta þess að ég átti erfitt með að skilja skoska framburðinn fyrst þegar ég byrjaði. Maður þarf alveg að passa að allir skilji alla.“

Dagrún segir að hún sé farin að þekkja vel meðlimi teymisins víða um heim og segist hún vera umhugað um að vera í góðu sambandi við alla. „Fólk kynnist með tímum og það fer að myndast traust. Við erum endalaust

Fólk öðlast betra líf

Össur er alþjóðlegt heilbrigðistæknifyrirtæki og er annað af tveimur stærstu fyrirtækjunum í heimi á þessum markaði. Össur Kristinsson stofnaði fyrirtækið árið 1971 en hann er lærður stoðtækjasmiður. Starfsmenn í dag eru um 3.500 og starfa í rúmlega 25 löndum. Höfuðstöðvarnar eru í Reykjavík.

Stefnumið Össurar er að bæta hreyfanleika fólks með tækni, rannsóknun og nýsköpun og hannar og framleiðir fyrirtækið stoðtæki, spelkur og stuðningsvörur með það að markmiði að bæta hreyfanleika fólks. Össur er frumkvöðull í hátækniþróun á stoðtækjum. Fyrirtækið aðhyllist mannleg gildi í hvívetna og vinnur starfsfólk náð með þeim sem þurfa á vörum fyrirtækisins að halda. Þannig hefur starfsfólk orðið vitni að því að sýn fyrirtækisins verði að veruleika – fólk yfirstígur líkamlega hindranir, fær notið sín til fulls og öðlast betra líf.



Össur setur að jafnaði um 20 nýjar vörur á markað á hverju ári og er því mjög öflugt þróunarstarf í gangi.



á fjárfundum en það smellur einhvern veginn allt miklu betur eftir að maður hefur hitt fólkið augliti til auglitis. Og við erum búin að vinna mikið saman; það getur tekið tekið smátíma að finna rétta taktinn en það eru allir að vinna að því sama.“

Trúnaður og traust

Þegar Dagrún er spurð hvernig hún myndi lýsa sjálfri sér sem stjórnanda segir hún: „Ég held ég sé mjög hrein og bein. Mér finnst vera mikilvægt að fólk segi skoðun sína og samskipti séu opin. Það eru allir með sitt hlutverk og vinna að sama markmiði þó ég sé með einhverja heildarsýn og passa að allt sé á réttum tíma. Þannig að mér finnst vera mikilvægt að um sé að ræða samvinnu og þetta sé á jafningjagrundvelli. Þetta er ekki mitt verkefni. Þetta er okkar verkefni. Og það eiga allir að njóta sín í því sem þeir eru að gera. Mér finnst trúnaður og traust vera mikilvægt í svona verkefni – að fólk geti sagt skoðun sína og liðið vel með það. Allri umræðu er tekið mjög fagnandi.“ ■

TUDOR rafgeymar

Stórir traustir **TUDOR** rafgeymar
fyrir öll atvinnutæki



Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

TUDOR

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is



Disact býður upp á lausnir sem henta m.a. í líkamsræktarstöðvum, skólum, heilbrigðisstofnunum, almenningsrýmum og þjónusturýmum fyrirtækja.

Disact – margt býr í þokunni

Íslenska sprotafyrirtækið Disact hefur unnið að þróun sóttthreinsibúnaðar og „Liquid glove“ sóttthreinhreinsifroðunnar sem hafa reynst öflugar sóttvarnir í baráttunni við kórónuveiruna og aðra sýkla. Einar Mäntylä er reynslubolti í íslenskri nýsköpun. Hann er í forsvari fyrir Disact en er einnig framkvæmdastjóri Auðnu tæknitorgs sem er farvegur fyrir hagnýt vísindi háskólanna út í atvinnulífið og einn af stofnendum ORF Liftækni.

Vinnur á veirum og sýklum

„Tækni okkar byggir á því að skapa örfínt mistur af okkar einstaka sóttthreinsi sem tærir ekki, ertir ekki og smýgur á nokkrum mínútum um allt rýmið. Mistrið er svo fíngert að enginn raki safnast upp en þegar það er sest myndast verndandi húð sem við köllum huliðshjál sem vinnur á veirum og sýklum. Við höfum sóttthreinsað skrifstofur með pappír og tölvum og tækjabúnaði án þess að raka verði vart.“ Disact byggir á tækni og sjálfvirkni sem systurfyrirtæki þess, D-Tech hefur þróað um árabíl og fullkomnað fyrir matvælaíðnað. „Við hjá Disact bjóðum upp á lausnir sem henta viðar í samfélaginu, s.s. í heil-

brigðis- og umönnunargeira, skólum, líkamsræktarstöðvum og skrifstofum og fyrirtækjum almennt,“ segir Einar. „Föstu kerfin okkar henta t.d. íþróttamannvirkjum – því flóknara eða stærra sem rýmið er, því betri kostur er Disact þokumistrið. Þokugöngin okkar henta svo til að renna t.d. farangri eða innkaupakerrum í gegn til sóttthreinsunar í einni svipan.“

Tækniþróunarsjóður veitti félaginu nýverið styrk til að ljúka þróun á færanlegu tæki sem nota má til að dreifa sóttthreinsandi mistri þar sem þess er þörf. „Með þessari útfærslu er t.d. hægt að sóttthreinsa kennslustofur eða skrifstofurými með skilvirkum hætti án þess að koma fyrir föstum búnaði og leggja leiðslur um allt rýmið.“ Ýmsar útgáfur af Disact tækninni eru í boði sem ganga undir gælunöfnum eins og „kötturinn“ eða „minkurinn“ allt eftir liðleika. „Við höfum að auki þróað sóttthreinsifroðu sem hvorki ertir né þurrkar hendur. Þetta er eins og að bera á sig ósýnilega hanska, enda heitir varan okkar Liquid glove TM.“

Íslensk nýsköpun

Disact efnið, sem veirurannsóknastofnun Utah háskóla staðfesti að drepur kórónaveiruna á svipstundu, myndar með tímanum verndandi húð á yfirborði sem er virk gegn sýklum mun lengur en t.d. spritt sem skemmir gólf, yfirborð á viðkvæmum tækjum og þurrkar og ertir. „Disact tæknin er frábært dæmi um íslenska nýsköpun sem er mörg ár í þróun og springur svo að lokum út – og hjálpar okkur vonandi út úr kófinu. Það er hreinlega samfélagsleg skylda okkar koma Disact sóttthreinsitækninni í gagníð sem viðast í samfélaginu – og það er ásókn í hana erlendis frá,“ segir Einar að lokum. ■



Liquid glove sóttthreinsifroðan hvorki ertir né þurrkar hendur.

disact.com

Liquid glove

Sóttthreinsifroða



ÁHRIFARÍK VÖRN GEGN SÝKLUM

Lyktarlaus, fer vel með hendur og inniheldur ekki alkóhól.
Þekkt virkni gegn SARS-CoV-2 vírusnum sem veldur COVID-19.

Liquid Glove formúlan hefur þann eiginleika að mynda ósýnilega yfirborðsfilmu sem veitir langvarandi virkni gegn sýklum og veirum.

Víða er starfsfólk sjúkrahúsa, heilsugæslu-, líkamsræktar- og endurhæfingarstöðva að uppgötva að hreinsiefnin sem verið er að nota til að lágmarka smithættu skemma bekki og tæki sem búið er að fjárfesta í. Alkóhól veldur því t.d. að gúmmí harðnar, þornar og sprungur myndast á yfirborði þess. Flest sóttthreinsiefni hafa þann ókost að þurrka húðina og geta skemmt og blettað gólf og yfirborðsfleti.

Disact-efnin skemma ekki út frá sér og geta því sparað fyrirtækjum og stofnunum kostnað við viðhald og endurnýjun hvers kyns búnaðar.

Liquid Glove

Dreifing og fyrirtækjapjónusta
Urðarhvarfi 14, 203 Kópavogi
yngvi@disact.com

- Disact ehf. Sérhæfing í rýmis- og neytendaöryggi
- Háþrýst sóttthreinsi þokukerfi

disact

HEILSA • ÖRYGGI • UMHVERFI



2020 © DISACT

Stjórnendafélögin og formenn þeirra



Brú, félag stjórnenda

Skipholt 50d, 105 Reykjavík
Sími 562-7070 – Fax 562-7050
Netfang: bfs@bfs.is Veffang: www.bfs.is
Formaður: Sigurður Haukur Harðarson
Krókamýri 50, 210 Garðabæ
Símar: 565-6518/777-4777
Netfang: selmasiggi@simnet.is



Berg félag stjórnenda

Hofsbót 4, 600 Akureyri
Sími 462-5446 Fax: 462-5403
Netfang: bergfs@bergfs.is
Formaður: Rögnvaldur Örn Snorrason,
Sólvöllum 1, 600 Akureyri
Sími 853-0253
Netfang: timoteus61@gmail.com



Verkstjóra- og stjórnendafélag Hafnarfjarðar

Hellisgötu 16, 220 Hafnarfirði
Sími 555-4237 Pósthólf 185
Formaður: Steindór Gunnarsson,
Spóaaísi 3, 221 Hafnarfirði
Símar 555-4237 / 898-9760
Netfang: steindorg@simnet.is



Stjórnendafélag Austurlands

Austurvegur 20, 730 Reyðarfirði
Símar 474-1123 / 864-4921
Netfang: sta@sta.is
Formaður félagsins: Benedikt Jóhannsson,
Ystadal 3, 735 Eskifirði
Símar 476-1463 / 864-4963 / 470-6000
Netfang: benni@eskja.is



Stjórnendafélagið Jaðar

Pósthólf 50, 300 Akranesi
Formaður: Kristján Sveinsson,
Vallarbraut 4, 300 Akranesi
Sími 660-3286
Netfang: kristjansveins@gmail.com



Stjórnendafélag Suðurlands

Austurvegur 56, 800 Selfossi
Sími 480-5000 Fax: 480-5001
Netfang: stjornandi@stjornandi.is
Formaður: Viðar Þór Ástvaldsson, Lóurima 14,
800 Selfoss
Sími 863-1971
Netfang: vidarastv@gmail.com



Stjórnendafélag Vesturlands

Skólastigur 15, 340 Stykkishólmur
Formaður: Unnur María Rafnsdóttir
Sími 863-8256
Netfang: vfst@simnet.is



Verkstjórufélag Vestmannaeyja

Formaður: Hildur H Zoega Stefánsdóttir.
Sími 843-9053
Netfang: hz@isfelag.is



Stjórnendafélag Vestfjarða

Heiðarbraut 7, 410 Hnífsdal
Sími 863-3871
Formaður: Sveinn K. Guðjónsson, Heiðarbraut 7,
410 Hnífsdal
Símar 456-3831 / 863-3871 / 450-4616
Netfang: skg@frosti.is



Stjórnendafélag Suðurnesja

Hafnargötu 15, 230 Reykjanesbæ
Sími 421-2877 - Fax 421-1810
Netfang: stjornsud@stjornsud.is
Formaður: Einar Már Jóhannesson,
Stekkjagötu 85, 260 Reykjanesbæ
Sími 845-1838



Stjórnendafélag Norðurlands vestra

Formaður: Kári Kárasón,
Sími 844 5288
Netfang: kari@vilko.is



Samband stjórnendafélaga, STF

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi
Símar 553-5040 / 553-0220 - Fax 568-2140
Veffang: www.stf.is
Netfang: stf@stf.is
Forseti og kynningarfulltrúi: Skúli Sigurðsson



Hágæða vinnuföt í miklu úrvali



 DUNDERDON

Nú fást **Snickers** vinnuföt í

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Mikið úrval af öryggisvörum



Sérmerkjum fyrir fyrirtæki



Verkfæri og festingar

Við styrkjum útgáfu STF-tíðinda



**STJÓRNENDAFÉLAG
SUÐURLANDS**

Austurvegi 56, 800 Selfoss
Sími 480 5000
Netfang: stjornandi@stjornandi.is
www.stjornandi.is



**Stjórnendafélag
Suðurnesja**

Hafnargötu 15, 230 Keflavík
Formaður Einar Már Jóhannesson
Sími 421 2877 - GSM 845 1838
Heimasíða: vsts.is
Netfang: stjornsud@stjornsud.is



**Brú
félag stjórnenda**

Hlíðasmára 8, 2. hæð, 201 Kópavogur
Sími 562-7070
Netfang: bfs@bfs.is
Veffang: www.bfs.is
Skrifstofa félagsins er opin
virka daga frá kl. 9-14



**Stjórnendafélags
Austurlands**

Austurvegi 20, 730 Reyðarfirði
Heimasíða: sta.is
Netfang: sta@sta.is
Formaður Benedikt Jóhannsson
GSM 864 4963 - benni@eskja.is



**Stjórnendafélag
Vestfjarða**

Heiðarbraut 7, 410 Hnífsdal
Formaður Sveinn K. Guðjónsson
GSM 863 3871



**Verkstjóra- og
stjórnendafélag
Hafnarfjarðar**

Hlíðasmára 8, 2. hæð, 201 Kópavogur
Formaður Steindór Gunnarsson
GSM 898 9760



**STJÓRNENDAFÉLAGIÐ
JAÐAR - AKRANESI**

Pósthólf 50 - 300 Akranes
Formaður: Kristján Sveinsson
GSM 660 3286
Netfang: stjannisveins@gmail.com



**STJÓRNENDAFÉLAG
NORÐURLANDS VESTRA**

Stjórnendafélag Norðurlands vestra

Formaður: Kári Kárasen
GSM 844 5288
Netfang: kari@vilko.is



STJÓRNVEST
STJÓRNENDAFÉLAG VESTURLANDS

Stjórnendafélag Vesturlands

Skólastígur 15, 340 Stykkishólmi
Sími 864 8852
Formaður: Unnur María
Rafnsdóttir GSM 863 8256
Netfang: vfst@simnet.is



Verkstjórafélag Vestmannaeyja

Formaður: Hildur H Zoega Stefánsdóttir.
Sími 8439053
Netfang: hz@isfelag.is

Samband 
stjórndafélaga

Samband stjórndafélaga

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi
Símar 553-5040 / 553-0220 - Fax 568-2140
Netfang: stf@stf.is -Veffang: www.stf.is

KROSSGÁTAN

H. E.	Verklar	Vökvi Lifa	Hryðj- urnar öðir	Höfðsi Göðmeti	Endast	Jata	Maður	Smarra Gani	Sálar- innar Öxull	Engin Sáldra	Gælu- nafn Alpist	Til Vegvis- irinn
Fisk- anna												
Hnappat Föðruð Svardaga					>					>		
Tuktir Ræðurn- ar Átt				>							>	v
Bunab							Kona Demba					
Fráberi			v	v						v		
Skynjun		v					>					
Titill						Varpas Sólguð		v			v	
Öði Kona Öska				>					>			
Höfðingja Á hús. Fljótib							>			>		

SUDOKU

	9		1				7	
6						4	3	2
							8	
3				4				
			2		3			
				6				9
	4							
8	1	2						5
	5				2		6	

5				8	6			1
		2	7		1	6		
	7	1				2	5	
9	1			2			7	
3			1	4	5			6
	6			9			2	4
	5	3				4	6	
		8	9		3	5		
2			5	1				7

Í Sudoku er þrautin fólgin í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9.

Í hverri níu reita línu (láréttri og lóðréttri) eiga allar tölurnar einnig að birtast og má aldrei tvítaka neina þeirra.



Öflugur hreinsibúnaður




Háprýstistöðvar



Ryksugur



Gufudælur



Sópar



Háprýstidælur



RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

Stólpi Gámar fyrir atvinnulífið



Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu

- þurrgáma
- geymslugáma
- fleti og tankgáma
- hitastýrða gáma
- einangraða gáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannaaðstöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS**, vörulyftur frá **Maber** og skemmur frá **Hallgruppen**.

Rakaskiljur og blásara frá **Heylo**, rykvarnarkerfi frá **ZIPWALL**, og parket-og vinilklippur frá **BULLET TOOLS**.



www.stolpigamar.is

 **Stólpi Gámar**

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagöðum 5 | 104 Reykjavík